

# **Landshlutasamtök sveitarfélaga**

**Starfsemi landshlutasamtaka og tillögur að  
framtíðarfyrirkomulagi svæðisbundinnar samvinnu**

**Starfshópur samgönguráðherra um endurskoðun  
á starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga**

**Júlí 2009**

# Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	<b>3</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>4</b>
<b>1. Landshlutasamtök sveitarfélaga</b> .....	<b>5</b>
1.1 Lagaumhverfi.....	7
1.2 Markmið og verkefni .....	7
1.3 Fjármál landshlutasamtakanna.....	10
1.4 Önnur samvinna sveitarfélaga.....	12
1.5 Samantekt og umræða .....	13
<b>2. Alþjóðlegt umhverfi</b> .....	<b>14</b>
2.1 Norræna sveitarfélagið.....	14
2.2 Samvinna sveitarfélaga í Finnlandi.....	16
2.3 Byggðastefna ESB.....	18
2.4 Samantekt og umræða .....	20
<b>3. Stefna stjórnvalda í byggðamálum</b> .....	<b>20</b>
3.1 Samantekt og umræður .....	22
<b>4. Niðurstöður og tillögur</b> .....	<b>24</b>
<b>Fylgiskjal. Markmið og verkefni landshlutasamtaka</b> .....	<b>27</b>

## Formáli

Í nóvember 2008 skipaði samgönguráðherra starfshóp sem hafði það hlutverk að fara yfir starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í hópinn voru skipuð Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður, fulltrúi samgönguráðherra, Aðalbjörn Björnsson, fulltrúi samgönguráðherra, Dofri Hermannsson, fulltrúi iðnaðarráðherra, Sigríður Finsen, fulltrúi landshlutasamtaka sveitarfélaga og Valgarður Hilmarsson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Gerður var samningur við ráðgjafarfyrtækið Stjórnhætti ehf um að Hólmfríður, sem þar starfar sem stjórnslufræðingur, sinnti samhliða formennsku sérfræðilegri ráðgjöf og hefði umsjón með vinnu við greinargerð starfshópsins. Auk þess vann Stefanía Traustadóttir, sérfræðingur á skrifstofu sveitarstjórnamála með hópnum.

Áhersla var lögð á að greina núverandi stöðu landshlutasamtaka og hlutverk þeirra. Annað svæðisbundið samstarf var einnig skoðað, meðal annars út frá því hvort þörf væri á að samþætta það betur við samstarf sveitarfélaga, gera samstarfið skilvirkara og nýta fjármuni betur.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í íslensku samfélagi á undanförunum mánuðum og enn frekari breytingar eru fyrirsjáanlegar. Sveitarfélögin og samtök þeirra hafa ekki farið varhluta af þeim breytingum. Ríkisstjórnin hefur boðað til víðtæks samráðs undir forystu forsætisráðuneytisins um sóknaráætlanir fyrir alla landshluta og hefur stýrihópur þegar tekið til starfa. Markmiðið er að kalla fram sameiginlega framtíðarsýn og að samþættar verði áætlanir í samgöngumálum, fjarskiptamálum, ferðamálum og byggðaáætlanir auk áætlana um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Hlutverk þess starfshóps sem hér lýkur störfum hefur því talsverðan snertiflöt við starf stýrihóps forsætisráðherra.

Það er einróma álit starfshópsins að þörf sé á að efla byggðapróun í landinu og samþætta opinberar áætlanir og stefnur. Þetta er mikilvægt til þess að ná tilætluðum árangri, auka skilvirkni, nýta betur fjármuni og til að fyrirbyggja óþarfa ágreining. Starfshópurinn er sammála um að landshlutasamtök sveitarfélaga séu vel til þess fallin að taka að sér það samþættingarhlutverk, hvert á sínu svæði.

Reykjavík í júlí 2009,

---

Hólmfríður Sveinsdóttir,  
formaður

---

Aðalbjörn Björnsson

---

Dofri Hermannsson

---

Sigríður Finsen

---

Valgarður Hilmarsson

# Inngangur

Starfshópnum var falið eftirfarandi hlutverk samkvæmt erindisbréfi:

- Skoða sérstaklega hvort tilefni er til að tengja betur svæðisbundið samstarf sveitarfélaga og stefnu/aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum, þannig að fjármunir sem renna til þessara verkefna nýtist svæðasamvinnu á Íslandi sem best.
- Skoða byggðasamvinnu í ljósi alþjóðlegs byggðasamstarfs. Er þörf á að tengja íslenskt svæðasamstarf sveitarfélaga betur við þau tækifæri sem felast í alþjóðlegu svæðasamstarfi, svo sem á vettvangi Evrópusamvinnunnar?
- Fjalla um hvort þörf er á að skýra og samræma betur hlutverk og verkefni landshlutasamtaka, t.d. með löggjöf eða öðrum samræmdum hætti.
- Meta hvort núverandi fyrirkomulag svæðasamstarfs sveitarfélaga mæti nægjanlega vel þörf fyrir kerfisbundið svæðasamstarf, meðal annars með hliðsjón af breyttri kjördæmaskipan, breytingum á skipan sveitarstjórnarkerfisins, nýjum verkefnum sveitarfélaga og þróunar í búsetu- og byggðamálum.
- Skoða hvort fjármunum Jöfnunarsjóðs til svæðisbundinnar starfsemi sveitarfélaga sé nægilega vel varið með því móti sem nú er, þ.e. á grundvelli ákvæða um bundin framlög sjóðsins.
- Er þörf á að tengja með samræmdari hætti svæðasamstarf sveitarfélaganna við annað svæðisbundið starf í landinu, svo sem með hliðsjón af stefnu og aðgerðum stjórnvalda í byggðamálum, atvinnuþróun og nýsköpun?


Hópurinn kom saman til fyrsta fundar þann 5. desember 2008 og hélt alls sjö formlega fundi. Fundirnir voru haldnir í samgönguráðuneytinu og sátu fundarmenn búsettir úti á landi nokkra fundi í gegnum fjarfundarbúnað, þ.e. frá Grundarfirði, Blönduósi og Vopnafirði.

Meðal fyrstu verkefna hópsins var að gera úttekt á núverandi fyrirkomulagi svæðisbundins samstarfs sveitarfélaga. Áhersla var lögð á að vinna verkefnið í góðu samráði við landshlutasamtökin, enda er þar að finna mikilvæga þekkingu og sjónarmið sem taka þarf tillit til. Spurningar voru sendar til allra samtakanna þar sem þau voru beðin um að svara nokkrum spurningum varðandi starfsemina. Þá voru haldnir tveir fundir með formönnum og framkvæmdastjórum þeirra. Sá fyrri fór fram 12. mars í Reykjavík. Á þann fund mættu formaður og starfsmaður starfshópsins. Þar voru meðal annars kynntar helstu niðurstöður úr svörum landshlutasamtakanna og góðar umræður áttu sér stað um stöðu þeirra og hlutverk. Seinni fundurinn var haldinn í Mosfellsbæ undir lok starfsins, þann 18. júní, og voru þar mættir allir fulltrúar starfshópsins. Megintilgangur þess fundar var að kynna hugmyndir hópsins að framtíðarhlutverki landshlutasamtakanna og fá fram umræður um þær. Segja má að starfshópurinn hafi fengið „grænt ljós“ frá fulltrúum landshlutasamtakanna á þær tillögur sem hér eru lagðar fram. Þess ber þó að geta að þær hafa ekki farið í aðra kynningu en þá sem átti sér stað á fundinum. Tillögurnar eru því alfarið á ábyrgð starfshópsins.

Hópurinn fékk nokkra góða gesti á fundi sína til að afla upplýsinga um hin ýmsu mál. Gestirnir voru Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur úr iðnaðarráðuneytinu, Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins og Sigurður Helgasson, framkvæmdastjóri Stjórnháttu og ráðgjafi verkefnisstjórnar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála. Þá var leitað upplýsinga hjá fleiri sérfræðingum símleiðis.

# 1. Landshlutasamtök sveitarfélaga

Landshlutasamtök sveitarfélaga eru frjáls hagsmunasamtök sveitarfélaga með tilgreind afmörkuð starfssvæði. Hagsmunagæsla innan hvers landshluta er aðalverkefni þeirra allra en auk þess sinna þau í mismiklum mæli ýmsum sameiginlegum verkefnum fyrir aðildarsveitarfélögin.



Mynd 1. Skipting landsins í átta landshlutasamtök. Ljós svæðið í miðjunni sýnir mörk svæðisskiptilags miðhálandisins.

Landfræðileg mörk landshlutasamtakanna byggjast að hluta til á þeirri kjördæmaskiptingu sem var við lýði frá 1959 til 2003. Forsögu þeirra má rekja aftur til fimmta áratugar síðustu aldar. Þá hafði fámennum sveitarfélögum fjölgað mikið vegna byggðaðróunar og skiptingar í hreppa. Austfirðingar riðu á vaðið árið 1943 með stofnun Fjórðungspings Austfirðinga. Tilgangurinn var að efla samstarf sýslna og sveitarfélaga í fjórðungnum. Norðlendingar sigldu í kjölfarið árið 1945 með stofnun Fjórðungssambands Norðlendinga, en það voru prestar, kennarar og leikmenn sem höfðu forgöngu um stofnun þess. Vestfirðingar stofnuðu Fjórðungssamband sitt árið 1949. Í kringjum 1970 breyttist eðli allra þessara samtaka í þá veru að þau urðu fyrst og fremst samtök sveitarfélaga. Á svipuðum tíma stofnuðu Vestlendingar, Sunnlendingar og sveitarfélög í Reykjanesumdæmi einnig sín samtök. Í árdaga samtakanna í núverandi mynd, um og uppúr 1970, virðist þeim hafa verið fátt óviðkomandi. Meðal málefna sem þau komu að má nefna: samgöngumál, raforkumál, skólamál, húsnæðismál, endurskoðun á stjórnarskrá, byggðaáætlun, atvinnumál, byggðaðróun, landhelgismál, framkvæmdaáætlanir fyrir fjórðungana, aukið sjálfstæði sveitarfélaga, verkefnaskipting ríkis og

sveitarfélaga, endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga, sameiningar sveitarfélaga og dreifing ríkisstofnana um landið.<sup>1</sup>

Frumkvæði að stofnun allra samtakanna kom frá heimamönnum. Fram kemur í bók Lýðs Björnssonar um sögu sveitarstjórna á Íslandi að landshlutasamtökin hafi án vafa átt mikinn þátt í að efla samstöðu sveitarfélaganna innan hvers umdæmis og stuðlað að auknum kynnum sveitarstjórnanna. Lýður telur að sveitarstjórnarmenn „hafi fundið, að þörf var fyrir samtök af þessu tagi, og mun reyndar ekki örgrannt um, að sumir þeirra a.m.k. líti á landshlutasamtökin sem mótvægi gegn ríkis- og miðstjórnarvaldi því, sem hefur miðstöð sína á höfuðborgarsvæðinu.“<sup>2</sup>

Íslandi er skipt niður í átta landshlutasamtök sveitarfélaga, eins og sjá má á mynd 1. Sveitarfélögin eru í dag alls 77 og fjöldi aðildarsveitarfélaga að hverjum samtökum á bilinu 5-15. Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum hafa fæst sveitarfélög innan sinna vébanda, eða fimm. Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi hafa flest sveitarfélög, alls 15 og að Eyþingi standa 14 sveitarfélög. Samtökin eru afar fjölbreytt og segja má að þau séu jafn ólík og þau eru mörg. Á það bæði við um stærð og umsvif. Innan marka Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu búa rúmlega 201.000 íbúar (63% af þjóðinni) og fámennustu samtökin eru Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra með rúmlega 7.400 íbúa (2,3% af þjóðinni). Stöðugildi hverra samtaka eru á bilinu eitt til átta. Í öllum tilfellum eru það sveitarstjórnarmenn sem sitja í stjórnnum samtakanna, annað hvort kjörnir fulltrúar eða framkvæmdastjórar sveitarfélaga.

Tafla 1. Tölfræðilegar upplýsingar um landshlutasamtökin.

Landshlutasamtök	Sk.st.	Fjöldi sv.fél	Íbúafjöldi 1.4.09	Stærð km <sup>2</sup>	Íbúar á km <sup>2</sup>	Stöðugildi
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	SSV	10	15.640	9.310	2	6,5
Fjórðungssamband Vestfirðinga	FV	10	7.434	9.355	1	1,0
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra	SSNV	7	7.419	12.592	1	7,3
Eyþing	Eyþing	14	29.046	22.693	1	2,0
Samband sveitarfélaga á Austurlandi	SSA	8	10.575	21.986	1	1,0
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	SASS	15	26.277	24.688	1	4,5
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	SSS	5	21.533	818	26	5,0
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsv.	SSH	8	201.402	1.043	193	1,0
Samtals		77	319.326	102.485		28,3

Tafla 1 sýnir ólík umhverfi landshlutasamtakanna. Starfssvæði SSH er í raun eina svæðið sem kalla má þéttbýlissvæði með 193 íbúa á hvern km<sup>2</sup>. Miðað við skilgreiningu OECD á dreifbýli (svæði með færri en 150 íbúa á km<sup>2</sup>) eru öll hin samtökin mjög dreifbýl. Evrópsk umræða skilgreinir dreifbýli hins vegar þar sem eru færri en 12,5 íbúar á hvern km<sup>2</sup> og strjálbýli ef íbúar eru færri en 8 á km<sup>2</sup>. Miðað við þá skilgreiningu flokkast svæði SSS sem þéttbýlt en hin sex svæðin eru strjálbýl, en þar er á bilinu 0,6-1,7 íbúar á hvern km<sup>2</sup>.

Í þessum kafla verður leitast við að varpa ljósi á stöðu landshlutasamtaka í dag. Greint verður frá starfsemi þeirra og starfsumhverfi. Litið er á lagaumhverfi þeirra, á markmið og verkefni, fjármál þeirra og annað svæðisbundið samstarf sveitarfélaga. Í lokin er samantekt og umræða.

<sup>1</sup> Lýður Björnsson (1979). Saga sveitarstjórnar á Íslandi, síðara bindi. Bls. 369- 379.

<sup>2</sup> Sama, bls. 378.

## 1.1 Lagaumhverfi

Sveitarstjórnarlögin (nr. 45/1998) og lög um tekjustofna sveitarfélaga (nr. 4/1995) eru einu lögin sem fjalla um landshlutasamtök sveitarfélaga. Í 86. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um landshlutasamtök sveitarfélaga, en í 1. mgr. segir: „*Sveitarfélög geta stofnað til staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að hagsmunamálum íbúa í hverjum landshluta. Starfssvæði slíkra samtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu.*”

Sveitarfélögum er með öðrum orðum ekki skylt að eiga aðild að landshlutasamtökum og starfssvæði þeirra geta tekið breytingum án lagabreytinga. Sem dæmi má nefna að Vestmannaeyjabær var ekki aðili að landshlutasamtökum til skamms tíma, en er nú aðili að Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Sveitarfélagið Hornafjörður var aðili að Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi en færði sig um set og gerðist aðili að Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga í ársbyrjun 2009. Í 10. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga kemur fram að 2% af bundnum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skuli varið til landshlutasamtaka og skiptist upphæðin jafnt á milli þeirra allra. Sjá nánar í kafla 1.3 um fjármál landshlutasamtakanna.

Við leit í reglugerðasafni dómsmálaráðuneytisins<sup>3</sup> fundust einungis þrjár reglugerðir sem snerta landshlutasamtökin, hver um sig aðeins lítillega. Í fyrsta lagi er það reglugerð um svæðisskrifstofur málefna fatlaðra (nr. 273/1993). Í 10. gr. er kveðið á um að hafa beri samráð við landshlutasamtök við gerð svæðisáætlana. Þar segir: „*Svæðisskrifstofa safnar upplýsingum um þörf fatlaðra fyrir þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992, svo og almenna þjónustu ríkis og sveitarfélaga samkvæmt öðrum lögum. Á grundvelli þeirra upplýsinga annast svæðisskrifstofa gerð svæðisáætlana til þriggja ára og skulu þær endurskoðaðar árlega. Hafa skal samráð við sveitarfélög, landshlutasamtök eða héraðsnefndir við gerð áætlana á svæðinu eftir því sem við á.*“

Í öðru lagi er það reglugerð um almenningsbókasöfn (nr. 138/1978). Í 5. gr. er kveðið á um sérstakan bókafulltrúa sem starfi í menntamálaráðuneytinu og annast málefni almenningsbókasafna. Eitt af hlutverkum hans er að: „*...hafa náð samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga um málefni almenningsbókasafna svo og landshlutasamtök eftir því sem við á.*“

Í þriðja og síðasta lagi er það reglugerð fyrir Landsvirkjun (nr. 259/1997). Landshlutasamtökin hafa þar lítið hlutverk þegar kemur að svokölluðum samráðsfundi Landsvirkjunar. Fund þennan skal boða til að loknum ársfundi fyrirtækisins ár hvert og í 12. gr. segir m.a. að „*...hver hinna einstöku landshlutasamtaka sveitarfélaga eiga rétt á að kjósa á aðalfundi sínum fjóra menn til setu á samráðsfundinum...*“.

## 1.2 Markmið og verkefni

Markmið allra landshlutasamtakanna eru að mörgu leyti sambærileg. Hagsmunagæsla, samráð, og aukið samstarf sveitarfélaganna eru gegnumgangandi skilgreind markmið þeirra. Þá hafa nokkur þeirra það að formlegu markmiði að stuðla að aukinni þekkingu sveitarstjórnarmanna á málefnum sem snerta sveitarfélögin.

---

<sup>3</sup> Sjá [www.reglugerd.is](http://www.reglugerd.is)

Þrátt fyrir að markmið landshlutasamtakanna séu áþekkt eru verkefni þeirra og umfang afar mismunandi. Sum sinna mörgum og yfirgripsmiklum verkefnum, önnur bera ábyrgð á fáum verkefnum, en öll hafa samtökin þróast með þeim hætti sem heimamenn telja heppilegast. Mismunandi er hvernig sveitarfélögin leysa svæðisbundin verkefni. Dæmi um það eru atvinnuþróunarfélögin. Á Vesturlandi, Norðurlandi vestra og á Suðurnesjunum eru verkefni þeirra á borðum landshlutasamtakanna. Á starfssvæði Eypings eru starfandi tvö atvinnuþróunarfélög og hafa samtökin enga aðkomu að þeim. Vestfirðingar fara einkonar millileið þar sem atvinnuráðgjöfin er sjálfstæð eining, en náíð samstarf er um reksturinn og eru þau í sama húsnæði. Samstarfssamningur er milli SSA og Þróunarfélags Austurlands og á Suðurlandi eru samtökin ábyrg fyrir rekstri á sameiginlegri skrifstofu með atvinnuþróunarfélaginu (og fleirum). Ekki er atvinnuþróunarfélag á höfuðborgarsvæðinu.

SSH eru dæmi um samtök sem hafa fá formleg verkefni og eru fyrst og fremst samráðsvettvangur, ekki hvað síst varðandi samgöngumál. Þá hafa samtökin viðhald fjárgirðinga um höfuðborgarsvæðið og vatnsvernd á sinni könnu, auk þess sem framkvæmdastjórinn starfar með samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Samtökum á borð við SSV og SSNV hefur verið falið að sinna mun fleiri verkefnum, stórum sem smáum, auk þess sem þau hafa beina aðkomu að flestum stærri samstarfsverkefnum sveitarfélaganna á sínu svæði. Þá má nefna að SSNV reka byggðasamlag um þjónustusamning við ríkið um málefni fatlaðra og hafa þannig tekið að sér að reka lögbundið verkefni ríkisins.

Í heildina eru verkefni landshlutasamtakanna afar fjölbreytt. Sem dæmi má nefna samgöngumál, sorpmál, markaðsmál, skipulagsmál, orkumál, heilbrigðismál, fræðslumál, aðkoma að vaxtar- og menningarsamningum, samskipti við ríkisvaldið, fundir, ráðstefnur og námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn. Í fylgiskjali með þessari skýrslu er að finna ítarlegri upplýsingar um markmið og verkefni landshlutasamtakanna.

Landshlutasamtökin voru spurð hvort það hefði komið til tals að þau tækju að sér fleiri verkefni en nú er eða hvort ástæða væri að fela þeim fleiri verkefni. Af svörunum að dæma eru flest þeirra, ef ekki öll, tilbúin til að taka að sér fleiri verkefni. Málefni fatlaðra er dæmi um verkefni sem hefur komið til tals hjá nokkrum þeirra að taka við. Af öðrum dæmum má nefna rekstur framhaldsskóla, málefni innflytjenda, stjórnun á veiðum refa og minka, brunavarnir og Evrópusamstarf.

Í svörunum kom meðal annars fram að „[l]andshlutasamtökin hafa vilja, áhuga og síðast en ekki síst getu til þess að taka að sér aukin verkefni ef aðstæður skapast“. Önnur samtök sögðu að samtökin væru „...kjörinn vettvangur til þess að taka við hvers kyns verkefnum sem snúa að svæðasamstarfi og byggðaþróun. Til dæmis mætti tengja byggðaþróun og svæðasamstarf sveitarfélaga betur saman en nú er gert. Einnig mætti hugsa sér núverandi landfræðileg mörk landshlutasamtakana sem skipulagssvæði“. Enn ein samtökin sögðu að „...landshlutasamtök [væru]kjörinn vettvangur til þess að hýsa og reka hvers kyns verkefni þar sem stærð aðildarsveitarfélagana er með þeim hætti að vandséð er hvernig hvert og eitt sveitarfélag eigi að standa straum að þeim rekstri til viðbótar við daglegan rekstur.“

Þá voru samtökin spurð hvort fela ætti þeim lögbundin verkefni. Sitt sýnist hverjum um það, en almennt má segja að þau hafi ekki verið því hlynnt. Rökin voru helst þau að virða beri sjálfræði sveitarfélaganna og rétt hverra samtaka til að þróast eins og þau kjósa. Sveitarfélögin geta í raun falið landshlutasamtökunum sínum hvaða verkefni sem er og í nokkrum tilfellum eru það lögbodin verkefni, samanber sorpmál. Fram kom hjá nokkrum samtökunum að það



kynni að vera kostur að lögfesta tilvist og meginhlutverk landshlutasamtaka. Gæti það hjálpað til við að leysa „tilvistarvanda“ sem sum samtökin virðast stríða við.

#### *Alþjóðlegt samstarf*

Þessi misserin er mikið rætt um alþjóðlegt samstarf, og þá fyrst og fremst evrópskt, og tækifæri sem felast í því fyrir sveitarfélög og landssvæði. Einstök sveitarfélög þykja of litlar einingar fyrir slík verkefni en landshlutasamtökin geta hins vegar verið kjörinn vettvangur. Öll samtökin lýstu áhuga á að skoða vel möguleikana á alþjóðlegu samstarfi og nokkur þeirra hafa þegar tekið þátt. Má í því sambandi nefna sameiginlega þátttöku SSV, FV og SSNV í Opnum dögum í Brussel 2008, en það er fyrsti vísir að samstarfi landshlutasamtaka á þessu sviði og vonir eru um framhald þar á.<sup>4</sup>

Í kjölfar Opinna daga nýttu fulltrúar FV tækifæri til að kynna sér samstarf á vettvangi evrópskra héraða um sjálfbæra orkuframleiðslu. Á FV nú aðild að verkefnaumsókn til Interreg IVC á þessum vettvangi og verði umsókn samþykkt er um þriggja ára verkefni að ræða.<sup>5</sup> FV er þar inni sem íslenskt hérað og með stuðningi frá Vaxtarsamningi Vestfjarða, orkufyrirtækjum og Orkustofnun varðandi það verkefni. Auk þess mun verða samstarf um einstaka verkefnabætti innan verkefnisins m.a. með Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, SSV og Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga. FV og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hafa haft náið samstarf við undirbúning, framkvæmd og eftirfylgd umsóknarinnar. Þá má geta þess að alþjóðlegt samstarf er einnig í skoðun bæði innan SSNV og Eypings.

Árið 2008 vann Reinhard Reynisson, þáverandi meistaranemi við Háskólann á Bifröst, greinargerð fyrir SSV um möguleika og tækifæri Vesturlands sem svæðis til þátttöku í svæðasamstarfi í Evrópu.<sup>6</sup> Helstu niðurstöður Reinhards eru þær að „þrátt fyrir það að svæðavíddin sé ekki til staðar í íslenskri stjórn-sýslu sem þriðja stjórn-sýslustigið, líkt og í flestum löndum Evrópu, megi heimfæra hið landshlutabundna samstarf sveitarfélaga í landshlutasamtökum og/eða atvinnuþróunarfélögum undir svæðisbundna stjórn-sýslu. Forsendurnar eru annars vegar það pólitíska umboð sem starfsemin þiggur frá íbúum í gegnum sveitarfélögin og hins vegar þau skilgreindu markmið sem starfið hefur....“<sup>7</sup> Reinhard telur að til þess að svo geti orðið þurfi að styrkja stöðu svæðisbundins samstarfs með því að skilgreina betur lögformlega stöðu þess og fela því skilgreind verkefni. Hann telur jafnframt að starfssvæði SSV sé of fámennt í samanburði við umheiminn til þess að ástunda virka Evrópuvæðingu og telur að samstarf við nærliggjandi svæði (FV og SSNV) kæmi vel til álita.

Í lok árs 2008 óskaði stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga eftir því að lagt yrði mat á hagsmuni sveitarfélaga, kosti og ókosti, af Evrópusambandsaðild. Anna Guðrún Björnsdóttir og Anna Margrét Guðjónsdóttir, starfsmenn sambandsins, voru fengnar til að vinna verkið og skiluðu þær greinargerð í janúar 2009. Helstu niðurstöður þeirra eru „...að ekki yrði um miklar viðbætur að ræða á löggjafarsviðinu frá því sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir. Stærstu breytingarnar yrðu á sviði byggðamála þar sem aðild myndi opna fyrir aðgang að byggðasjóðum ESB og bjóða upp á ýmis sóknarfæri í byggða- og atvinnuþróunarmálum. Sveitarfélögin gætu orðið mun virkari á því sviði og ekki eins háð ríkinu. Það er þó mjög mikilvæg forsenda að sveitarfélögum takist að byggja upp öflugri stjórn-sýslu og svæðisbundið samstarf til að nýta sér sóknarfærin. Landhlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélög

<sup>4</sup> Opnir dagar eru árlegur viðburður á vegum Héraðsnefndar ESB þar sem svæði og borgir í Evrópu kynna sig og fjallað er um hin ýmsu mál útfrá sjónarhóli svæða og héraða.

<sup>5</sup> Von er á svari við umsókninni í ágúst 2009.

<sup>6</sup> Sjá vef SSV [http://www.ssv.is/Files/Skra\\_0032506.pdf](http://www.ssv.is/Files/Skra_0032506.pdf)

<sup>7</sup> Reinhard Reynisson (2008). Vesturland og svæðasamstarf í Evrópu. Bls. 40.

*gætu gegnt þar lykilhlutverki. Þetta er líka forsenda þess að sveitarfélögum takist almennt að nýta sér alla þá miklu þekkingu og tengslanet sem þeim stæðu til boða ef til aðildar kemur, einnig í málaflökkum sveitarfélaga sem standa utan við löggjafarvald og byggðastefnu ESB.*<sup>8</sup>

Í greinargerðinni kemur fram að mikið veltur á að það takist að skilgreina Ísland á markvissan hátt í byggðastefnu ESB og byggja upp öflugar skipulagsheildir til að nýta sóknarfærin. Það kallar á endurskoðun á svæðisbundnu samstarfi og hugsanlega breytingar á starfssvæðum. Þá eru fámenn sveitarfélög og veik stjórnsýsla þeirra Akkilesarhæll gagnvart hugsanlegri ESB aðild. Vísa þær í niðurstöður Reinhards um að efla megi landshlutasamtökin þannig að þau geti orðið fulltrúi fyrir sitt svæði gagnvart ESB. Fjallað verður um sérstaklega um byggðastefnu ESB í kafla 2.3.

### 1.3 Fjármál landshlutasamtakanna

Landshlutasamtök sveitarfélaga sækja tekjustofna sína fyrst og fremst til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og aðildarsveitarfélaganna. Þá sækja samtökin í mismiklum mæli rekstrartekjur til annarra verkefna frá ríkisvaldinu, t.d. frá Byggðastofnun vegna atvinnuþróunarfélaga samkvæmt sérstökum samningum. Þá eru einnig gerðir tímabundnir samningar við iðnaðarráðuneyti vegna vaxtasamninga og við menntamálaráðuneyti vegna menningarsamninga. Hver samtök hafa þróað eigið verklag og umsvif sem endurspeglast greinilega í rekstrartekjum skv. ársreikningum. Við greiningu á fjármálum landshlutasamtakanna er fyrst og fremst stuðst við ársreikninga 2007.

Tafla 2 hér að neðan sýnir rekstrartekjur landshlutasamtakanna skv. ársreikningi 2007. Fremst eru sýndar heildarrekstrartekjur og gefa upphæðir til kynna ólík umsvif samtakanna. Því næst eru framlög Jöfnunarsjóðs, sem eru í öllum tilvikum þau sömu. Í fjórða dálki eru framlög aðildarsveitarfélaganna og í aftasta dálknum eru aðrar tekjur sem eru fyrst og fremst tilkomnar vegna samningsbundinna verkefna og koma í flestum tilfellum frá ríkinu.

Tafla 2. Rekstrartekjur landshlutasamtaka samkvæmt ársreikningum 2007.

	Rekstrartekjur	Framlög Jöfnunarsj.	Framlög sveitarfél.	Aðrar tekjur
SSV	74.498.388	16.629.260	13.458.625	44.410.503
FV	38.361.610	16.629.260	8.800.036	12.932.314
SSNV	27.762.370	16.629.260	1.453.488	9.679.622
Eyþing	35.136.206	16.629.260	1.000.000	17.506.946
SSA	25.646.724	16.629.260	9.017.464	-
SASS	78.571.612	16.629.260	8.800.128	53.142.224
SSS	19.721.260	16.629.260	3.092.000	-
SSH	21.314.885	16.629.260	4.677.625	8.000
Samtals	321.013.055	133.034.080	50.299.366	137.679.609

Alls velta samtökin átta rúmlega 321 milljón króna. SASS og SSV hafa langmestu rekstrartekjurnar skv. þessari töflu. Varast ber þó að draga of miklar ályktanir um umsvif samtakanna út frá þessum upplýsingum, þar sem ársreikningarnir gefa ekki endilega rétta mynd af

<sup>8</sup> Anna Guðrún Björnsdóttir og Anna Margrét Guðjónsdóttir (2009). Áhrif Evrópusambandsaðildar á íslenska sveitarstjórnarstigið. Bls. 1-2.

starfsemi samtakanna. Ársreikningur SSNV er gott dæmi um það. Skýrist það meðal annars af því að rekstrarreikningur atvinnuþróunarfélagsins er ekki færður inn í ársreikning samtakanna heldur er gerður sér ársreikningur fyrir þá starfsemi. Það sama á við um samning við ríkið um þjónustu við fatlaða. Í ársskýrslu samtakanna er hins vegar gerð grein fyrir allri starfseminni og þar kemur fram að SSNV-atvinnuþróun er með rekstrartekjur uppá rúmlega 36 m.kr., SSNV-málefni fatlaðra með rekstrartekjur uppá rúmlega 313 m.kr. og heilbrigðiseftirlitið með rekstrartekjur uppá 23 m.kr.

Háar rekstrartekjur hjá SSV og SASS skýrast aðallega af háum öðrum tekjum. Hjá SSV eru það rúmar 44 milljónir. Þar er m.a. um að ræða framlög frá Byggðstofnun, tekjur vegna atvinnuráðgjafar, styrkir vegna sérverkefna eins og undirbúnings Vaxtarsamnings Vesturlands sem og aðrar tekjur. Starfsemi SSV er umtalsverð, sem skýrist m.a. af því að starfsemi Atvinnuþróunarfélags Vesturlands er hluti hennar. SASS fékk 30 milljóna framlag vegna Menningarráðs og sú upphæð er færð í ársreikning samtakanna sem rekstrartekjur árið 2007. Það skal tekið fram að um nýtt verkefni var að ræða sem var ekki gert ráð fyrir á fjárhagsáætlun ársins.

Hvorki SSA né SSS hafa aðrar tekjur en framlög sveitarfélaganna og Jöfnunarsjóðs. Það sama má nánast segja um SSH en aðrar tekjur þeirra árið 2007 voru átta þúsund krónur.

#### *Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga*

Framlög til landshlutasamtaka úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru byggð á b-lið 6. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóðinn, nr. 113/2003. Þar er kveðið á um bundin framlög sjóðsins og eru framlög til landshlutasamtakana 2% af tekjum hans eins og þær eru skilgreindar í 4. gr. sömu reglugerðar, að frádregnum ákveðnum framlögum eins og þau eru skilgreind í e) og f) lið 7. gr. reglugerðarinnar. Framlögina skulu greiðast mánaðarlega og skiptast jafnt á milli allra samtakanna, óháð íbúafjölda eða verkefnum. Samtökin fá því hvert og eitt 12,5% af skilgreindum framlögum sjóðsins til landshlutasamtaka.

Þar sem tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru bundnar ákveðnu hlutfalli af skatttekjum ríkissjóðs eru framlög til landshlutasamtakanna breytileg frá ári til árs. Á árinu 2007 námu framlögina 133 m.kr. Árið 2008 var framlagið 136,6 m.kr. og á grundvelli fjárlaga 2009 er áætluð greiðsla til landshlutasamtakanna 131,2 m.kr. (um 16,4 m.kr. á hver samtök). Þess má geta að árið 2004 voru framlögina alls rúmlega 90 m.kr.

#### *Framlög frá sveitarfélögum*

Aðildarsveitarfélögin greiða framlög til sinna landshlutasamtaka og er í flestum tilfellum um að ræða tiltekna upphæð á hvern íbúa sem aðalfundur hverra samtaka ákveður og/eða fastagjald sem getur farið eftir fjölda íbúa í sveitarfélagi. Þá geta þau ákveðið að árstíllag sveitarfélaganna skuli vera tiltekið hlutfall af skatttekjum næst liðins árs eins og þær eru skilgreindar skv. bókhaldslykli sveitarfélaga hverju sinni. Árgjöldin geta því verið mjög mismunandi og vegið mismunandi mikið í rekstrartekjum samtakanna.

Í töflu 2 kemur fram að heildarframlög sveitarfélaga til samtakanna árið 2007 voru rúmar 50 milljónir. Ekki er fyrirliggjandi hvernig greiðslurnar skiptust milli sveitarfélaga það árið. Í fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir 165 kr. á hvern íbúa svæðisins en það voru samtals kr. 1.392.528. Hjá SSH er framlagið 25 kr. á íbúa og hefur sú tala haldist óbreytt í nokkur ár. Þetta er umtalsvert lægri upphæð en hjá öðrum landshlutasamtökum, að Eyþingi helst undanskildu. Aðra útfærslu má sjá í tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 hjá SSV. Þar er annars vegar gert ráð fyrir föstu árgjaldi sem er mishátt og fer upphæð eftir íbúafjölda í

sveitarfélagi og hins vegar föst upphæð á íbúa eða 795 kr. Samtals gerir SSV ráð fyrir framlögum frá sveitarfélögum að upphæð 14.549 m.kr. til reksturs samtakanna árið 2009. Þá kom fram í greinargerð Eypings að árgjöld sveitarfélaga hafi verið lækkuð þar sem framlög Jöfnunarsjóðs voru nægjanlega há til aðstanda undir rekstri. Það kom ekki fram hvert árgjaldið fyrir árið 2007 var eða hvernig upphæðinni, 1 m.kr., var skipt á sveitarfélögin.

#### *Aðrar tekjur*

Eins og áður hefur komið fram eru aðrar tekjur landshlutasamtakanna mjög mismunandi og fara þær eftir verkefnum. Hér er fyrst og fremst um að ræða styrki eða framlög, oftast en ekki frá ríkisvaldinu, vegna ýmissa sérverkefna. Í ársskýrslum má sjá að gerðir hafa verið þjónustusamningar við ríkið um ýmis verkefni, svo sem um atvinnuþróun, vaxtarsamninga og menningarsamninga.

## **1.4 Önnur samvinna sveitarfélaga**

Eins og fram hefur komið er sveitarfélögum heimilt að hafa samvinnu sín á milli um einstök verkefni. Skv. 81. gr. sveitarstjórnalaga getur samvinnan meðal annars farið fram á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga, landshlutasamtaka og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Árið 2003 vann Róbert Ragnarsson rannsókn þar sem reynt var að varpa ljósi á það hvort samvinna sveitarfélaga geti verið valkostur sem kæmi í stað sameiningar sveitarfélaga, á sama hátt og í Finnlandi.<sup>9</sup> Niðurstöður Róberts benda til að samvinna sveitarfélaga á Íslandi sé víðtæk og að almennt sé kostur fyrir sveitarfélögin að vinna saman, en 92% svarenda<sup>10</sup> voru mjög sammála eða sammála því að það væri kostur fyrir sveitarfélag þeirra að vera í samvinnu við önnur sveitarfélög um ákveðin verkefni.

Byggðasamlög eru langalgengasta samstarfsformið samkvæmt niðurstöðum Róberts. Héraðsnefndir komu þar á eftir og eiga bæði formin sér langa hefð á Íslandi. Byggðasamlög eru stofnuð utan um varanleg samvinnuverkefni sem sveitarfélög, tvö eða fleiri, fela þeim framkvæmd á. VIII. kafli sveitarstjórnalaga fjallar um samvinnu sveitarfélaga og í gr. 82.-85 er fjallað sérstaklega um byggðasamlög. Meginreglan er að byggðasamlag hafi aðeins eitt verkefni, en þau geta verið fleiri. Sveitarstjórnarlög frá árinu 1986 gerðu sveitarfélögum skylt að stofna héraðsnefndir um ýmis verkefni sýslunefnda sem þar með voru lagðar niður. Í núgildandi sveitarstjórnarlögum er þessi skylda ekki lengur til staðar og með aukinni sameiningu sveitarfélaga hefur mjög svo dregið úr umsvifum nefndanna og þær í þó nokkrum tilfellum verið lagðar niður. Þá eru engin ákvæði í lögum um starfsemi þeirra. Á móti kemur að kaup og sala á þjónustu milli sveitarfélaga virðist hafa aukist talsvert í formi samstarfs- eða þjónustusamninga. Þannig losna sveitarfélögin við að mynda samvinnuvettvang með sameiginlegri stjórn. Í rannsókn Róberts verður athygli að tiltölulega fá verkefni eru leyst á vettvangi landshlutasamtaka. Margt hefur vissulega breyst á þeim fáu árum sem liðin eru síðan könnunin var unnin, m.a. hefur sveitarfélögum fækkað úr 105 í 77 og án sambærilegrar könnunar er erfitt að fullyrða nokkuð um umfang eða form á samvinnu sveitarfélaga í dag.

<sup>9</sup> Róbert Ragnarsson (2003). Samvinna sveitarfélaga á Íslandi. Valkostur við sameiningu?

<sup>10</sup> Lagðir voru spurningalistar fyrir sveitarstjórnarmenn og framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Svarhlutfallið var 47% og er því settur fyrirvari við niðurstöðurnar. Þær gefa þó góða vísbendingu um umfang samstarfsins.

## 1.5 Samantekt og umræða

Þrátt fyrir að aðild að landshlutasamtökum sé ekki lögboðin eiga öll sveitarfélög landsins í dag aðild að samtökum á sínu svæði en starfssvæði þeirra getur tekið breytingum án laga-breytinga. Þessi frjálsa aðild og það að aðildarsveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvaða verk-efni þau fela þeim hefur leitt það af sér að samtökin hafa þróast í ólíkar áttir og umsvif þeirra eru mjög ólík. Öll eiga þau það þó sameiginlegt að vera samráðs- og hagsmunagæsluaðili fyrir sitt svæði og hafa oft spilað stórt hlutverk í baráttu svæða fyrir ýmsum málum, s.s. samgöngu- og atvinnumálum. Eitt nærtækasta dæmið þar um er uppbygging álvers í Reyðarfirði, en SSA beitti sér mjög í aðdraganda þess.

Talsverðar breytingar hafa átt sér stað frá því að stofnað var til landshlutasamtakanna á sínum tíma. Sveitarfélögum hefur fækkað umtalsvert, verkefni þeirra eru fleiri og umfangsmeiri, auk þess sem íbúum hefur almennt fækkað á landsbyggðinni en fjölgað á höfuðborgarsvæðinu. Þessar breytingar hafa haft ýmis konar áhrif á svæðisbundið samstarfs sveitarfélaganna. Kjör-dæmabreytingin árið 2003 virðist hins vegar ekki hafa haft nein teljandi áhrif á svæðisbundna samvinnu en sveitarfélög geta eftir sem áður haft samstarf yfir svæðamörk landshlutasam-takanna kjósi þau svo. Sveitarstjórnarmenn hafa ekki séð ástæðu til að fylgja kjördæmaskipan eftir, bæði vegna meiri fjarlægða og þar með meiri ferðakostnaðar og vegna þess að sátt virðist ríkja meðal sveitarstjórnarmanna með núverandi fyrirkomulag. Í svörum samtakanna kom fram að ekki er vilji til að breyta svæðisskiptingu þeirra, en tekið var fram að mörg þeirra hafa tekið upp aukið samstarf á ákveðnum sviðum og eftir aðstæðum. Flest landshlutasam-tökin endurskoða starfsemi sína nokkuð reglulega og þykir það gefa vísbendingu um að sátt ríki um fyrirkomulagið.

Á Íslandi er ekki rík héraðsvitund og geta ástæður þess verið ýmsar. Hér er ekki formlegt stjórnsýslustig á svæðavettvangi (þriðja stjórnsýslustigið), auk þess sem ríkið hefur ekki sam-ræmda stefnu hvað svæði varðar og hin ýmsu umdæmamörk eru með margvíslegum hætti. Dæmi um það eru lögregluumdæmi, heilsugæslan og vegagerð. Þá vilja ýmsir halda því fram að hér ríki einhvers konar „hreppavitund“ sem getur leitt til þess að menn sjái ekki lengra en út fyrir eigin sveitarfélagsmörk. Í skýrslu SSV um svæðasamstarf í Evrópu og í greinargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga um áhrif ESB aðildar á íslensk sveitarfélög kemur fram að landshlutasamtökin geta verið kjörinn vettvangur til að taka að sér aukið samræmingar-hlutverk og í raun virkað líkt og sérstakt stjórnsýslustig, líkt og tíðkast víða erlendis, án þess þó að fá það hlutverk í raun og veru. Til þess að svo geti orðið þarf að skilgreina betur lög-formlegt hlutverk þeirra og skilgreina verkefni. Öll hafa samtökin lýst yfir áhuga og getu til að taka við fleiri verkefnum, skapist til þess réttar aðstæður. Þá skal á það bent að þrátt fyrir að ekki sé kosið beint í stjórnir landshlutasamtaka þá hafa þau það framyfir flest annað samstarfsform sveitarfélaganna að þau byggja á þeirri lýðræðislegu hefð að stjórnarmenn þeirra eru sveitarstjórnarmenn og sækja þannig umboð sitt til kjósenda.

Sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga er afar mikilvægur að mati sveitarstjórnarmanna. Varað var við því að taka hann frá þeim með því að festa um of starfsemi landshlutasamtakanna, heldur eigi að eftirláta heimamönnum að ákveða hvernig samstarfi og verkefnum landshluta-samtaka er háttað. Verkefni sem samtökunum er falið eiga að vera drifin af hreinum og klárum hagsmunum aðildarsveitarfélaganna og íbúa þeirra. Bent var á að í sumum tilfellum sinna samtökin lögboðnum verkefnum sveitarfélaga, svo sem sorpmálum. Þó kom fram að það væru bæði kostir og gallar við þetta mikla frjálsræði.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er afar mikilvæg stoð í starfi allra landshlutasamtakanna og er þeim í sjálfsvald sett hvernig þau nýta framlögin. Mismunandi er hversu mikið aðildarsveitarfélögin leggja til starfseminnar og fer framlagið úr Jöfnunarsjóðnum langt með að dekkja reksturinn í sumum tilvikum. Starfandi er nefnd á vegum samgönguráðuneytisins sem hefur það hlutverk að endurskoða framlög sjóðsins og ekki er ólíklegt að lagðar verði til breytingar hvað varðar landshlutasamtökin. Talsverð umræða var um málið í starfshópnum og þykir ekki óeðlilegt að framlögin úr Jöfnunarsjóði taki einhverjum breytingum. Í stað þess að 2% af bundnu framlagi renni til landshlutasamtakanna má hugsa sér að framlögin miði að því að standa undir grunnkostnaði af rekstri skrifstofu og launum framkvæmdastjóra. Ýmsar aðrar útfærslur á framlögum úr Jöfnunarsjóði komu til umræðu. Má þar nefna að framlagið gæti verið föst, vísitölubundin, krónutala. Einnig var ræddur sá möguleiki að verkefnabinda framlögin en sú hugmynd fékk litlar undirtektir.

## 2. Alþjóðlegt umhverfi

Vaxandi umræðu og áhuga hefur gætt víða í samfélaginu varðandi alþjóðlegt samstarf. Sveitarfélögin og samtök þeirra eru engin undantekning þar á. Flest, ef ekki öll, hafa landshlutasamtökin lýst áhuga sínum á að skoða möguleika sem felast í svæðasamstarfi Evrópu-sambandsins. Í þessum kafla verður horft til Norðurlandanna annars vegar og ESB hins vegar. Skoðað verður hvernig staðbundinni stjórnsýslu er háttað á Norðurlöndunum og sérstaklega litið til Finnlands. Þá verður gerð stutt grein fyrir byggðastefnu ESB og litið til Íslands í því samhengi. Í lokin er samantekt og greint frá umræðum innan starfshópsins.

### 2.1 Norræna sveitarfélagið

Eitt helsta einkenni stjórnsýslu norrænu landana samanborið við önnur lönd í Evrópu er hversu öflugt sveitarstjórnarstigið er og hversu stóru hlutverki sveitarfélögin gegna í daglegu lífi fólks og í rekstri þjóðfélagsins. Annarsstaðar í Evrópu er algengara að þriðja stjórnsýslustigið eða svæðastjórnun í einni eða annarri mynd sé ráðandi og hafi í raun sama eða sambærilegt hlutverk og sveitarfélögin á Norðurlöndum.

Í Noregi og Svíþjóð eru millistjórnunarstig hluti af sveitarstjórnarkerfinu, þ.e. fylki í Noregi og landsþing í Svíþjóð. Þau eru kosin beinni kosningu, hafa skattheimtuvald og sinna verkefnum sem þykir hentugra að sinna í stærri einingum en hjá einstaka sveitarfélögum. Dæmi um verkefni þeirra eru heilbrigðisþjónusta, rekstur framhaldsskóla og samgöngumál. Talsverðar breytingar áttu sér stað í Danmörku árið 2007 þegar ömtin voru lögð niður og landinu í staðin skipt upp í fimm héruð (regioner) sem hafa talsvert færri verkefni en ömtin höfðu. Áfram er þó um sérstakt millistjórnarsýslustig að ræða þar sem kosið er til þeirra í beinum kosningum. Í Finnlandi hefur aldrei verið millistjórnunarstig en þess í stað er löng hefð fyrir umtalsverðu svæðisbundnu samstarfi sveitarfélaga. Nánar verður fjallað um „finnsku leiðina“ í kafla 2.2.

Norræn samfélagsgerð hefur verið og er í ákveðinni endurskoðun sem m.a. lýsir sér í því að á undanförunum árum hefur farið fram mikil umræða um framtíð sveitarstjórnarstigsins og

verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Endurskoðun á þriðja stjórnsýslustiginu blandast inn í þá umræðu sem að einhverju leyti má rekja til skipunar mála hjá Evrópusambandinu.<sup>11</sup>

- **Danmörk:** Í byrjun árs 2007 varð til ný skipan sveitarstjórnarmála. Sveitarfélögunum var fækkað með lagaboði, gömlu ömtin voru lögð niður og lagt upp með ný, mun valdaminni svæðasambönd (regioner). Í kjölfar þessarar ákvörðunar voru verkefni og fjármagn flutt á milli stjórnsýslustiga, aðallega frá ömtum til ríkis og sveitarfélaga.
- **Færeyjar:** Í júlí 2008 var kynnt áætlun sem hefur það að markmiði að fækka sveitarfélögum úr 34 í 7 fyrir lok janúar 2010.
- **Grænland:** Í ársbyrjun 2009 fækkaði sveitarfélögum á Grænlandi úr 18 í 4 og var það gert með lagasetningu. Samfara þessari breytingu yfirtaka sveitarfélögin mörg ný verkefni og styrkir það sveitarstjórnarstigið til muna.
- **Noregur:** Undanfarin 10 ár hefur átt sé stað mikil umræða um breytingar á sveitarstjórnarstiginu en hún hefur enn ekki leitt til niðurstöðu. Markmiðið er að styrkja fylkin með því að flytja til þeirri fleiri verkefni frá ríkinu.
- **Svíþjóð:** Þar hefur einnig átt sér stað mikil umræða sem snýr fyrst og fremst að eflingu landsþinganna og samhæfingu stjórnsýsluumdæma. Líkt og í Noregi hefur umræðan ekki leitt til niðurstöðu.
- **Finland:** Breytingaferli hófst með setningu rammalaga í febrúar 2007. Þegar hafa orðið allmargar frjálssar sameiningar í kjölfarið og fleiri eru á dagskrá. Einnig hafa svæði sameinast og yfirtakið verkefni.
- **Álandseyjar:** Þróunin hefur verið í þá átt að fámenn sveitarfélög leysa verkefni sín í samstarfi við önnur.

Í Danmörku var sveitarfélögum fækkaði úr 273 í 98 og var miðað við að þau hefðu að lágmarki 20.000 íbúa. Ömtin, sem voru 14, voru lögð niður og í staðin stofnað til fimm héraða. Verkefni amtanna voru að nokkru leyti flutt til sveitarfélaga og ríkisins. Kosið er beint í stjórnir héraðanna og helstu verkefni þeirra eru á sviði heilbrigðismála (rekstur sjúkrahúsa) og byggða- og atvinnuþróunar. Svæðin hafa ekki sérstakt skattheimtuvald og verkefni þeirra eru fjármögnuð með framlögum frá ríki og aðildarsveitarfélögum.

Í Noregi eru þrjú stjórnsýslustig, þ.e. ríki, fylki og sveitarfélög. Þar eru ekki starfandi landshlutasamtök sambærileg þeim sem starfa hér á landi enda má segja að fylkin gegni sambærilegu hlutverki í hagsmunagæslu fyrir stærri landssvæði. Samstarf sveitarfélaga er með miklum blóma í Noregi og hafa verið gerðar ýmsar tilraunir (reynslusveitarfélög) með verkefni og mismunandi útfærslur á þeim.<sup>12</sup> Norsk sveitarfélög hafa töluvert svigrúm þegar kemur að samstarfi, þó eru lögbundnum verkefnum eða stjórnsýsluverkefnum settar ákveðnar skorður með lögum og er það rökstutt með kröfum um rétt og jafnræði íbúa, lýðræði og góða stjórnhætti. Lagagreinar um samstarf sveitarfélaga voru endurskoðaðar og þeim breytt árið 2007. Um þessar mundir á sér stað mikil umræða um samstarf og samvinnuverkefni sveitarfélaga í tengslum við aukna þátttöku sveitarfélaga í heilbrigðisþjónustu (flutning verkefna). Ráðherrar sveitarstjórna og heilbrigðismála hafa lýst því yfir að þeir styðji ekki lagaákvæði um samvinnu tiltekinna verkefna, sbr. finnsku leiðina.

<sup>11</sup> Sjá nýútkomna skýrslu, *Administrative reform – Arguments and values* sem er gefin út af Nordregio 2008 og er hluti rannsóknarverkefnisins *Internationalisation of regional development policies – Needs and demands in the Nordic countries* og stofnað var til af Norrænu ráðherranefndinni vorið 2005.

<sup>12</sup> Sjá vef sveitarstjórnarráðuneytisins <http://www.regjeringen.no/nb/dep/krd/tema/kommunejuss>

## 2.2 Samvinna sveitarfélaga í Finnlandi

Starfshópurinn ákvað að kynna sér sérstaklega samvinnu finnskra sveitarfélaga. Aðstæður þar eru að mörgu leyti svipaðar og á Íslandi og þar er jafnframt í gangi sérstakt umbóta- verkefni sem hefur það að markmiði að efla sveitarstjórnarstigið og bæta opinbera þjónustu þannig að hún sé betur í stakk búin til að mæta úrlausnarefnum komandi ára. Finnland er stórt og dreifbýlt land, 338 þúsund km<sup>2</sup> og 5,3 miljónir íbúa. Þar eru hlutfallslega mörg fámenn sveitarfélög og ekki er pólitískur vilji fyrir lögboðnum sameiningum. Í ársbyrjun 2009 voru sveitarfélögin alls 348. Meira en helmingur þeirra hefur færri en 6.000 íbúa. Sex sveitarfélög hafa fleiri en 100.000 íbúa.

Líkt og Íslendingar búa Finnar við tvö stjórnsýslustig, ríki og sveitarfélög. Ólíkt íslenskum sveitarfélögum er hlutur finnska sveitarstjórnarstigsins í samneyslunni álíka stór og í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, eða á bilinu 60-70% á meðan hann er 32% á Íslandi.<sup>13</sup> Finnsku sveitarfélögin veita íbúum sínum grunnþjónustu, m.a. á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu, mennta-, umhverfis- og skipulagsmála. Í Finnlandi er löng hefð er fyrir umtalsverðu samstarfi sveitarfélaga. Hafi sveitarfélög ekki lágmarksíbúafjölda<sup>14</sup> til að sinna tilteknum verkefnum er þeim skylt að leysa þau í formlegu samstarfi við önnur sveitarfélög. Um tvenns konar samstarfsform er aðallega að ræða. Annars vegar svokölluð „samstarfssveitarfélög“, þar sem verkefni eru leyst sameiginlega. Hins vegar eru það „þjónustusveitarfélög“, en það samstarfsform felur í sér að eitt sveitarfélag sér um að veita öðrum sveitarfélögum tiltekna þjónustu.<sup>15</sup> Sérstakar stjórnir eru yfir hverju verkefni. Í samstarfssveitarfélögum tilnefna sveitarstjórnir allra aðildarsveitarfélaganna fulltrúa í stjórnir, en svo þarf ekki að vera þegar um þjónustusveitarfélög er að ræða, þó er það heimilt samkvæmt finnsku sveitarstjórnarlögum. Tæplega 230 samstarfssveitarfélög eru starfandi í Finnlandi og algengast er að þau séu mynduð um fræðslu-, félags- og heilbrigðismál. Hvert finnskt sveitarfélag getur verið aðili að mörgum samstarfssveitarfélögum. Öllum finnskum sveitarfélögum er skylt að eiga aðild að héraðsráði og sjúkrahúsumdæmi.

Af framansögðu má sjá að finnsk sveitarfélög bera ábyrgð á stórum hluta velferðarþjónustunnar. Meðal verkefna þeirra eru grunnskólinn, framhaldsskólar (utan háskóla), fullorðinsfræðsla, dagvist barna, málefni fatlaðra og aldraðra, heilsugæsla, skipulagsmál, orkumál, sörpmál, samgöngu og umhverfismál. Það má því segja að finnsku sveitarfélögin sinni í raun flestum þeim verkefnum sem landsþingin í Svíþjóð og fylkin í Noregi gera. Munurinn er hins vegar sá að kosið er beint til landsþinga/fylkja og þau sinna mörgum verkefnum. Finnsku samstarfsformin sinna að jafnaði aðeins einu afmörkuðu verkefni.

### *Umbótaverkefni 2007-2012*

Vorið 2005 kynnti finnska ríkisstjórnin umbótaverkefni sem snýr að sveitarfélögum og þjónustu þeirra. Sérstök rammalög tóku gildi í febrúar 2007 og gilda út árið 2012. Öllum sveitarfélögum var með þeim gert skylt að gera áætlun um það hvernig þau hygðust starfa saman og leysa lögboðin verkefni í samræmi við markmiðssetningu rammalaganna. Þessar áætlanir þurftu að liggja fyrir í ágúst 2007. Áhugavert er að það voru sveitarfélögin sjálf sem báru ábyrgð á að gera tillögur um það hvernig þau ætluðu að starfa saman, hver væru mörk þjónustusvæða og með hvaða hætti þjónustan yrði veitt. Rammalögin settu þeim einungis ákveðinn ramma fyrir umbótunum. Áætlanirnar gátu falið í sér sameingar sveitarfélaga eða

<sup>13</sup> Gunnar Helgi Kristinsson (2001). Staðbundin stjórnsmál. Bls. 46.

<sup>14</sup> Lágmarksíbúafjöldinn er mismunandi eftir verkefnum.

<sup>15</sup> Sænsku heitin eru „samkommuner“ (samstarfssveitarfélög), „vårdkommun“ (þjónustusveitarfélag) og „avtalskommuner“ (þau sveitarfélög sem eiga aðild að samningnum).



samstarf þeirra um tiltekna þjónustu. Sú gulrót fylgdi með frá ríkinu að þau sveitarfélög sem sameinuðust fljótt var umbunað fjárhagslega. Gefnar voru út tilteknar lágmarksíbúatölur fyrir einstök verkefni, en undanþága veitt í vissum undantekningar tilvikum (landfræðilegum og tungumálalegum). Sérstakar ráðstafanir voru gerðar gagnvart sveitarfélögum með slæma fjárhagsstöðu. Þau þurftu í samvinnu við ríkið að gera áætlun um hvernig þau hygðust veita íbúum sínum lögbundna þjónustu. Ef áætlunin var ekki talin fullnægjandi gat ríkisstjórnin ákveðið að sameina sveitarfélög. Sérreglur eru í gildi fyrir sveitarfélögin á Helsinkisvæðinu þar sem þeim er gert skylt að leggja fram sameiginlega áætlun um samgöngumál, nýtingu lands, uppbyggingu byggðar og fleira. Samband finnskra sveitarfélaga undirbýr nú nýtt verkefni „Ny kommun 2017“ sem ætlað er að taka við þegar rammalögin falla úr gildi árið 2012. Það verkefni hefur það að markmiði að auka enn frekar á sjálfstæði sveitarfélaganna.

Fyrirfram var gert ráð fyrir að umbæturnar fælu í sér sameiningar sveitarfélaga, aukið samstarf þeirra á milli um þjónustu sem krefst hærrí íbúatölu en er í einstökum sveitarfélögum og bættu þjónustu. Umbótunum var hrint í framkvæmd 1. janúar 2009 þannig að ekki er komin löng reynsla af þeim. Þrátt fyrir það hefur nú þegar náðst mikill árangur ef eingöngu er litið til sameininga sveitarfélaga. Þannig urðu alls 32 sameiningar um síðustu áramót þar sem sveitarfélögum fækkaði um 67 og eru í dag, eins og fyrir segir, 348. Þar af eru 108 borgir.

Eins og áður segir eru þessar breytingar á finnska sveitarstjórnarstiginu áhugaverðar að því leyti að sveitarfélögin höfðu sjálf forræði og báru ábyrgð á þeim, innan þess ramma sem ríkið setti. Ríkið fer þannig með ramma- og markmiðsstjórnun en sveitarfélögin fá svigrúm til að haga framkvæmdinni eftir staðbundnum aðstæðum. Eftir umfangsmiklar úttektir og samráð við sveitarfélög hafa Finnar komist að þeirri niðurstöðu að ekki er hægt að byggja á einni lausn fyrir alla. Sveitarfélagaskipanin verður að bjóða upp á sveigjanleika eftir staðbundnum aðstæðum.

#### *Skipulag og hlutverk héraðsráða finnskra sveitarfélaga*

Alls eru 19 héraðsráð<sup>16</sup> í Finnlandi, auk Álandseyja, og er lagaleg staða þeirra sambærileg við samstarfssveitarfélögin. Öllum sveitarfélögum er skylt að eiga aðild að héraðsráði, enda fara þau með tvenns konar lögbundin verkefni. Annars vegar í byggðapróun og skipulagsmálum og hins vegar bera þau ábyrgð á alþjóðlegu samstarfi í tengslum við fyrrgreint hlutverk og þá aðallega í tengslum við byggðastefnu Evrópusambandsins. Eftir að Finnar gerðust aðilar að ESB árið 1995 hefur alþjóðlegt hlutverk héraðsráðanna aukist og alþjóðasamskipti eru nú hluti af daglegum störfum þeirra. Mörg héraðsráðin eru með sína eigin fastafulltrúa í Brussel, en heildarsamtök sveitarfélaga eiga þar einnig fulltrúa. Til viðbótar við lögbundin verkefni sinna héraðsráðin ýmsum verkefnum, allt eftir áherslum og ákvörðunum hvers svæðis.

Héraðsþing fara með æðsta vald héraðsráða. Það eru aðildarsveitarfélögin sem velja fulltrúa og sitja þeir í fjögur ár, milli sveitarstjórnakosninga. Fulltrúafjöldi hvers sveitarfélags fer eftir íbúafjölda þess. Samkvæmt sveitarstjórnarlögunum skal samsetning þingfulltrúanna svara til styrks stjórn málaflökkanna á svæðinu. Eingöngu sveitarstjórnarmenn sem eru kjörgengir inn á þingin sem að jafnaði kemur saman tvisvar á ári. Héraðsþingin kjósa sér framkvæmdaráð sem kemur saman a.m.k. einu sinni í mánuði.

---

<sup>16</sup> Héraðsráðin er það samstarfsform sem kemst næst íslensku landshlutasamtökunum. Sænska heitið yfir þau er landskapsförbund og enska heitið er regional council.

## 2.3 Byggðastefna ESB

Evrópusambandið rekur mjög virka byggðastefnu. Frá upphafi hefur það verið eitt af meginmarkmiðum sambandsins að stuðla að efnahagslegum og félagslegum jöfnuði milli ólíkra svæða og landshluta í Evrópu. Sú áhersla hefur aukist eftir því sem árin líða og aðildarlöndunum fjölgar. Í kjölfar stækkunar sambandsins árið 1973 var stofnaður sérstakur Byggðaðróunarsjóður Evrópu. Í upphafi voru fjármunir hans af skornum skammti en með áherslubreytingum sambandsins er sjóðurinn í dag stærstur svokallaðra þróunarsjóða ESB. Árið 1994 var Héraðsnefnd ESB (Committee of the Regions) sett á laggirnar, en nefndina skipa alls 344 sveitarstjórnarmenn frá öllum aðildarríkjum sambandsins. Áætlað er að u.þ.b. ¾ hlutar ESB löggjafar komi til framkvæmda hjá sveitarfélögum eða svæðisbundnum yfirvöldum og er Héraðsnefndinni ætlað að veita staðbundnum stjórnvöldum tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir sambandsins og einnig til að virkja fulltrúa heima í héraði til þátttöku í mótun nýrrar ESB löggjafar. Óhætt er að fullyrða að Héraðsnefndin hafi gefið staðbundnum hagsmunum aukið vægi innan sambandsins.

Byggðaaætlun ESB nær yfir sjö ára tímabil og sú áætlun sem nú er í gildi spannar tímabilið 2007-2013. Gríðarlegum fjármunum er varið til hennar eða rúmlega þriðjungu af fjárlögum sambandsins (347 milljarða evra). Byggðastefna ESB er viðbót við byggðaaðgerðir einstakra ríkja, en áður en hvert tímabil hefst gera stjórnvöld í hverju aðildarríki bindandi samkomulag við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um það hvernig þau hyggjast vinna að framkvæmd byggðastefnunnar í sínu landi á sama tímabili. Þessa aðgerðaráætlun ber að vinna í samráði við sveitarfélög, fyrirtæki og hagsmunasamtök eftir því sem við á.<sup>17</sup>

Öllu landi innan ESB er skipt upp í svokölluð NUTS svæði; NUTS I, II og III.<sup>18</sup> Leitast er við að fella stjórnsýslulega uppbyggingu í hverju landi fyrir sig að þessu kerfi. Í þeim tilvikum þar sem slíkt er snúið eru búin til nokkurskonar „gervi“ svæði (NUTS) sem einungis hafa það hlutverk að sýsla með byggðamál ESB í viðkomandi landi. Dæmi um slík gervisvæði eru hin fimm NUTS II svæði í Finnlandi. Það eru þessi svæði/héruð en ekki sveitarfélög sem eru lögð til grundvallar við úthlutun fjármagns úr byggðasjóðunum. Sveitarfélagsskipan skiptir því ekki máli í þessu sambandi þar sem einstök sveitarfélög þykja of litlar einingar til að byggja byggðastefnu á og er því litið til stærri svæða. NUTS II svæðin skipta mestu máli varðandi byggðaaðgerðir, a.m.k. á núgildandi byggðatímabili.

Í núgildandi byggðaaætlun er annars vegar lögð sérstök áhersla á þekkingu, þ.e. rannsóknir og nýsköpun og hins vegar á að koma á samstarfi svæðisbundinna stjórnvalda, þekkingargeirans og atvinnulífsins. Eins og hjá öðrum þróunarsjóðum ESB er gert frá fyrir mótframlögum frá aðildarríkjunum, mismiklum eftir aðstæðum.

Um þrenns konar uppbyggingarsjóði er fyrst og fremst að ræða:

- *Byggðaðróunarsjóður Evrópu (European Regional Development Fund).* Meginmarkmið sjóðsins er að draga úr aðstöðumun milli svæða innan ESB og virka sem hvati til þróunar og umbreytinga.
- *Félagsmálasjóður Evrópu (European Social Fund).* Hlutverk hans er að vinna gegn atvinnuleysi og efla mannauð.

<sup>17</sup> Anna Margrét Guðjónsdóttir (2009) Sveitarstjórnarmál 4. tbl.

<sup>18</sup> NUTS stefndur fyrir Nomenclature of Territorial Units for Statistics og vísar til skilgreindra eininga (héraða) skv. viðmiðum Hagstofu Evrópu (Eurostat).

- *Samstöðusjóður Evrópu (Cohesion Fund)*.  
Honum er einkum ætlað að veita fé til efnahags- og félagslegrar uppbyggingar í ríkjum þar sem landsframleiðsla á mann er lægri en 90% af meðaltals landsframleiðslu í ESB.

Megin markmið byggðastefnunnar Evrópusambandsins eru:

- Samleitni (e. convergence) – svæði með minna en 75% af meðaltekjum innan ESB.
- Svæðisbundin samkeppnishæfni og atvinna (e. regional competitiveness and employment).
- Svæðasamstarf (e. territorial cooperation).

Öll svæði sambandsins falla undir byggðastefnuna, hvort sem þau eru þéttbýl eða dreifbýl, rík eða fátæk. Þau svæði sem ekki falla undir samleitnimarkmið, falla undir svæðisbundna samkeppnishæfni og atvinnu. Með þessu vill ESB leggja áherslu á að til þess að ná árangri í að auka samkeppnishæfni sambandsins í heild verði einnig að leggja rækt við sterkustu svæðin.

### *Ísland*

Aðild Íslands að EES-samningnum veitir aðgang að fjölmörgum áætlunum ESB. Þó eru nokkrar mikilvægar áætlanir undanskildar, t.d. á sviði umhverfismála, samgöngumála, skipulagsmála, byggðamála og samstarfs sveitarfélaga. Í samningnum er reyndar hvergi vikið að sveitarfélögum eða stöðu þeirra, enda hafði sveitarstjórnarstigið enga formlega stöðu innan ESB þegar samningurinn var gerður og hagsmunum þeirra, stöðu og hlutverki ekki gefinn mikill gaumur. Þessi staða breyttist mikið með stofnun Héraðsnefndarinnar. Ísland hefur engan aðgang að þessum vettvangi.<sup>19</sup> Í krafti EES-samningsins geta EFTA þjóðirnar gert tvíhliðasamninga við ESB og þar með keypt sig inn í ýmsar áætlanir sambandsins. Þannig hafa Norðmenn verið mjög virkir í svæðasamstarfi á vettvangi ESB og hafa keypt sig inn í allmargar áætlanir. Almenn er talið að þrátt fyrir að Norðmenn hafi í tvígang hafnað aðild að ESB þá hafi samningaferlið leitt það af sér að norska stjórnkerfið er meðvitað um þá möguleika sem felast í svæðasamstarfinu. Íslendingar hafa frá árinu 2002 keypt sig inn í eina áætlun, Norðurslóðaáætlunina.

Nú þegar Alþingi hefur samþykkt að hefja aðildarviðræður við ESB, þurfa stjórnvöld að meta hvort rétt sé að sækjast eftir því að landinu verði skipt í fleiri en eitt NUTS II svæði. Miðað við skilgreiningar Eurostat er ljóst að erfitt getur reynst að fá landinu skipt í fleiri en eitt NUTS II svæði og því þarf að ígrunda vel hugsanlega kosti og galla í því sambandi. Helstu kostirnir eru hugsanlega meiri fjármunir í upphafi aðildar en helstu gallarnir eru meiri skrif-finnsla.<sup>20</sup> Það er því ljóst að verði að aðild verða landshlutasamtök sveitarfélaga að hafa með sér aukið samstarf, sem meðal annars fælist í gerð sameiginlegra áætlana fyrir svæðið. Á það skal bent að viðmiðið fyrir NUTS II eru 800.000-3.000.000 íbúa. Til samanburðar má nefna að Finnlandi, með sína 5,3 miljónir íbúa, er skipt niður í fimm NUTS II svæði. Þess má geta að landshlutasamtökin þrjú í NV-kjördæmi hafa þegar hafið samstarf á Evrópuvettvangi.

Hér verður ekki gerð nánari grein fyrir byggðastefnu Evrópusambandsins eða áhrifum hennar á íslensk sveitarfélög. Bent er á að starfandi er nefnd á vegum utanríkisráðuneytisins sem hefur það hlutverk að fara yfir byggðastefnu ESB og þá hagsmuni sem þar kunna að vera í húfi fyrir Ísland.

<sup>19</sup> Árni Þór Sigurðsson (2005). Evrópska efnahagssvæðið og íslensk sveitarfélög. Bls. 2.

<sup>20</sup> Anna Margrét Guðjónsdóttir. Símtal 10. júní 2009.

## 2.4 Samantekt og umræða

Í Skandínavíu er meiri valddreifing en á Íslandi og má segja að það sé nátengt hugmyndinni um norræna velferðarríkið. Þróunin á Norðurlöndunum síðastliðna áratugi hefur verið í þá átt að færa ákvörðunarvald á staðbundnum málefnum og þjónustu nær íbúunum og auka þannig vægi staðbundinna stjórnsýslueininga. Tilgangurinn er að auka sjálfbærni svæða og gera þau betur í stakk búin í samkeppni við önnur svæði, innanlands sem utan. Þessi þróun hefur verið seinna á ferðinni hér á Íslandi, en hún á að mörgu leyti rætur í byggðastefnu ESB. Markmið með virkri Evrópustefnu innan svæða/héraða eru fyrst og fremst tvíþætt. Annars vegar að styrkja innviði eigin samfélags og hins vegar að styrkja valdastöðu svæðanna gagnvart ríkisvaldinu. Virk Evrópustefna er því talin vera hluti af virkri byggðastefnu.

Staðbundin stjórnsýsla á Íslandi er mun veikari en tíðkast víðast hvar í Evrópu. Ýmsir hafa litið hýru auga til þeirrar leiðar sem Finnar hafa valið sér hvað samstarf sveitarfélaga varðar. Í Finnlandi eru mörg og fámenn sveitarfélög sem fæst hafa burði til að sinna lögboðnum verkefnum ein og sér. Með því að lögbinda samstarf sveitarfélaga um tiltekin verkefni ná þeir að halda í sín fámennu sveitarfélög, en geta samt leyst verkefni í nærsamfélaginu. Finnar, og reyndar fleiri þjóðir, hafa komist að þeirri niðurstöðu eftir miklar rannsóknir að ekki sé heppilegt að byggja á einni lausn fyrir alla, heldur þurfi að veita sveigjanleika eftir staðbundnum aðstæðum. Sveitarfélögin geta þannig sjálf ákveðið samstarfsform og starfssvæði. Þessi sveigjanleiki gerir það að verkum að hægt er að mynda hentugar rekstrareiningar um hin ýmsu verkefni. Til að mynda geta sveitarfélögin með samvinnu myndað tiltölulega litla einingu sem hentar vel til reksturs framhaldsskóla, meðan rekstur sjúkrahúss krefst meiri mannfjölda.

Evrópusambandið rekur virka og öfluga byggðastefna og leggur til hennar gríðarlega fjármuni. Það er langt því frá að Ísland nýti þau tækifæri sem felast í evrópsku samstarfi og gæti án efa lært ýmislegt af ESB. Eitt af því sem Íslendingar gætu tekið upp er að láta byggðastefnu ná til alls landsins líkt og gert er innan ESB. Þar tekur byggðastefna til allra svæða, veikra sem sterkra, með þeim rökum að til þess að auka samkeppnishæfni sambandsins í heild verði einnig að leggja rækt við sterkustu svæðin. Almennt er talið að byggðastefna ESB sé fagleg og markviss, a.m.k. miðað við þá byggðastefnu sem þekkist á Íslandi, og kerfið er gegnsætt og er einfaldara en margir hafa fyrirfram álitid.

Eins og fram kemur í kafla 1, er vilji til þess að virkja landshlutasamtökin til þátttöku í evrópsku svæðasamstarfi. Þau eru því eindregið hvött til kynna sér í auknum mæli þau tækifæri sem felast byggðastefnu ESB og að hafa með sér aukið samstarf. Nú þegar Alþingi hefur tekið þá ákvörðun að hefja aðildarviðræður við ESB þá er mikilvægt fyrir landshlutasamtökin að huga þegar í stað að samstarfi sín á milli, líkt og þau hafa gert í NV-kjördæmi. M.a. þarf að taka ákvörðun um hvort óska eigi eftir því að Ísland verði eitt eða tvö NUTS II svæði.

## 3. Stefna stjórnvalda í byggðamálum


Eitt af verkefnum starfshópsins var að leggja mat á hvort tengja mætti betur stefnu og aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum við svæðisbundið samstarf sveitarfélaganna þannig að fjármunir nýttist sem best. Jafnframt var hópnum falið að meta hvort þörf væri á að tengja með samræmdari hætti svæðisbundið samstarf sveitarfélag við annað svæðisbundið starf í landinu. Í

Þessum kafla er leitast við að greina frá stjórnskipulagi byggðamála á Íslandi. Ekki verður farið í einstakar áætlanir, aðgerðir eða stefnur heldur er ætlunin að veita innsýn í margþætt fyrirkomulag málaflokksins.

Markmið stjórnvalda með sérstakri byggðaáætlun er að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og efla samkeppnishæfni landsins. Meginmarkmið í núgildandi byggðaáætlun (2006-2009) sem lögð voru til grundvallar voru:

- Að landshlutakjarnar verði eflir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.
- Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum.
- Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.

Segja má að byggðastefna íslenskra stjórnvalda birtist fyrst og fremst í byggðaáætlun, samningum milli ríkis og atvinnuþróunarfélaga, vaxtarsamningum og starfsemi nýsköpunarmiðstöðva. Óhætt er að segja að stjórnvöld hafi oft fengið á sig talsverða gagnrýni fyrir ómarkvissa byggðastefnu og hún þykir ekki nægilega vel samþætt. Tvö ráðuneyti fara í raun með málefni byggðaþróunar. Annars vegar iðnaðarráðuneytið sem fer með byggðamál og hins vegar samgönguráðuneytið sem fer með málefni sveitarfélaga og samgöngumál. Margir vilja bæta umhverfisráðuneytinu þarna við þar sem það fer með skipulagsmál. Innan allra þessara ráðuneyta eru ýmsar áætlanir í gildi sem lúta að byggðaþróun. Dæmi um þær eru samgönguáætlun, byggðaáætlun og svæðisskipulagsáætlanir.



Mynd 2. Stjórnskipulag íslenskra byggða- og atvinnuþróunarmála.<sup>21</sup>

<sup>21</sup> Höfundur myndarinnar er Anna Guðrún Björnsdóttir hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Myndinni hér að ofan er ætlað að sýna margþætt stjórnskipulag íslenskra byggða- og atvinnuþróunarmála. Ráðuneytin eru tvö og út frá þeim eru ýmsir angar sem hver um sig fer með afmarkaðan þátt í byggðamálum.

Byggðastofnun er eitt helsta tæki stjórnvalda í byggðamálum. Hlutverk hennar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Undanfarin ár hefur stofnunin fengið á sig gagnrýni fyrir að sinna ekki nægilega vel hlutverki sínu og eru ýmsir þeirrar skoðunar að stofnunin sé ekki það forystuafli á sviði byggðamála sem gera mætti kröfu um. Bent hefur verið á að vanda stofnunarinnar megi að verulegu leyti rekja til óljóss hlutverks, sem m.a. birtist í mikilli skörun við verkefni annarra aðila. Á sama tíma og Byggðastofnun hefur átt í vanda hefur ýmis önnur byggðatengd starfsemi eflst víða um land. Má þar nefna vaxtar-samninga, atvinnuþróunarfélög og nýsköpunarmiðstöðvar. Starfsemi þessara aðila og fleiri skarast verulega við verkefni Byggðastofnunar.

Hvorki sveitarfélög né landshlutasamtök þeirra hafa skilgreint hlutverk í byggðaþróun og forræði þeirra á málaflokknum er því ekki mikið. Í drögunum að byggðaáætlun fyrir 2010-2013 er lítið lítið til sveitarfélaga og landshlutasamtaka enda voru drögin gagnrýnd nokkuð harðlega af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tók starfshópurinn að miklu leyti undir þá gagnrýni í minnisblaði sínu til samgönguráðuneytisins, dags. 30. apríl 2009. Byggðastofnun vinnur nú áfram að byggðaáætluninni. Þá hefur Samband íslenskra sveitarfélaga skipað byggðahóp sem kom fyrst saman í júníbyrjun á þessu ári. Hópurinn hefur meðal annars það hlutverk að setja fram rökstuddar tillögur um nýtt stjórnskipulag byggðamála.

Stjórnvöld verja umtalsverðum fjármunum til byggðamála á ári hverju. Samkvæmt fjárlögum 2009 ver iðnaðarráðuneytið tæpum 2,9 milljörðum í byggðamál. Þar af fer rúmur helmingur (rúmlega 1,5 milljarðar) í ýmis orkumál, stærsta hlutanum, 1,2 milljörðum, er varið í niðurgreiðslu á húshitun á köldum svæðum. Heildargreiðslur vegna byggðaáætlunar árið 2009 eru áætlaðar tæplega 625 milljónir sem er talsverð hækkun frá síðustu tveimur árum. Þá eru ótalin ýmis önnur framlög til byggðamála, svo sem úr Jöfnunarsjóði og vegna samgöngumála svo dæmi séu tekin.

### 3.1 Samantekt og umræður

Núverandi fyrirkomulag byggðamála á Íslandi hefur verið gagnrýnt, sem og það að heildarsýn við stefnumótun í málaflokknum sé ábótavant. Ýmsum þykir stefna stjórnvalda ekki nægilega skýr, hún of miðstýrð og að skortur sé á samþættingu opinberra áætlana/aðgerða. Til þess að bæta úr þessu er mikilvægt að einfalda kerfið og gera það skilvirkara. Koma þarf ábyrgð á byggðaþróun undir eitt ráðuneyti, líkt og boðað er í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, og samþætta þarf opinberar stefnur og áætlanir. Þannig ætti fjármagn að nýtast betur og koma má í veg fyrir óþarfa ágreining.

Svæðisbundið samstarf er með ýmsum hætti í dag og birtist meðal annars í landshluta-samtökum sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélögum, byggðasamlögum, vaxtarsamningum og menningasamningum. Allur gangur er á því hverjir eiga aðild að samstarfinu. Í sumum tilvikum eru að eingöngu sveitarfélög en í öðrum tilvikum koma fleiri aðilar að, svo sem ríkið, atvinnulífið og/eða skólasamfélagið. Styrkja þarf formlega tengingu á milli þeirra sem koma að byggðaþróun heima í héraði, auka gagnsæið og þar með skilning á störfum annarra.

Móta þarf framtíðarsýn fyrir landið í heild, sem og einstaka landshluta (sem hefur að hluta til verið gert með vaxtarsamningum), og hafa það í huga að byggðamál snúast ekki bara um atvinnu heldur einnig þætti eins og samgöngur, menntun, menningu og þjónustustig. Mikilvægt er að gæta að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga og að styðja við frumkvæði heimamanna. Huga ber að grasrótinni, en flest fyrirtæki verða til þar en ekki með skipun að ofan. Ef samvinna/sambætting ólíkra aðila verður aukin þarf að varast að allar ákvarðanir verði teknar á toppnum. Nái fyrirhuguð landsskipulagsstefna ríkisstjórnarinnar fram að ganga getur hún orðið gott tæki til að samræma opinberar áætlanir og stefnur. Þess ber þó að geta að landsskipulagið er umdeilt á vettvangi sveitarstjórna og túlkanir eru mismunandi. Afar mikilvægt er þó að finna flöt á samráði við sveitarfélögin og að stefna verði mótuð í samráði við þau. Þar gætu landshlutasamtökin haft hlutverk. Landshlutasamtök sveitarfélaga gætu jafnframt gegnt stóru hlutverki hvað varðar svæðisskipulag, en starfsmenn samtakanna búa oft yfir þekkingu og heildarsýn á þróun svæðisins sem ekki finnst annarsstaðar í stjórnkerfinu. Svæðisskipulagið gæti svo mögulega „flætt“ út í landsskipulagsstefnuna. Ef af verður þyrfti að ákveða hvort starfssvæði landshlutasamtaka væri skipt upp í minni svæðisskipulagssvæði og þá hversu mörg.

Segja má að veik byggðastefna og skortur á héraðsvitund séu Akkilesarhæll öflugrar byggðapróunar á Íslandi. Þó að ekki sé hægt að vísa í rannsóknir þá má telja víst að svæða/-héraðsvitund er almennt veik á Íslandi og að „vitund“ manna beinist frekar að minni svæðum, t.d. einstökum sveitarfélögum. Möguleg ástæða þess getur verið hin margvíslega umdæmskipting ríkisins, en erlendar rannsóknir sýna að svæði styrkjast eftir því sem fleiri þættir falla innan sömu svæðismarka (efnahagslíf, stjórnsýsla, menning). Ákjósanlegt er að reyna að tengja sveitarfélögin og atvinnulífið við svæðahugsunina og efla þannig svæðavitund. Ekki er nóg að opinberi geirinn skilgreini svæði heldur er mikilvægt að virkja frumkvæði heima- manna og skapa samstarf lykilaðila í héraði; atvinnulífs, stjórnsýslu og samfélagsins alls.

Byggðastefnur Íslands og ESB eru um margt ólíkar. Hugmyndafræði byggðastefnu ESB byggist á því að frumkvæði og þekking heimamanna fá notið sín og gætu Íslendingar lært margt af því. Eins og fram kemur í kafla 1, taka íslensk svæði og sveitarfélög lítinn þátt í Evrópuverkefnum og nýta ekki þá sjóði sem þegar hefur verið greitt til, hvað þá aðra. Smæð flestra íslenskra sveitarfélaga og veik stjórnsýsla þeirra hamlar því að þau taki þátt í alþjóðlegu samstarfi sem krefst stærri og öflugri einingar með mikla sérfræðiþekkingu. Landshlutasamtökin gætu mögulega orðið sá aðili, líkt og tíðkast í Finnlandi. Landshlutasamtökin þrjú í NV-kjördæmi hafa þegar lýst yfir áhuga á að taka upp aukið samstarf hvað evrópskt svæðasamstarf varðar og verður áhugavert að fylgjast með því. Það eru alveg tvímælalaust tækifæri fyrir íslensk svæði til að sækja fram og nýta tækifæri til aukinnar samvinnu og sækja styrki til ýmissa verkefna.

## 4. Niðurstöður og tillögur

Frá því að starfshópurinn hóf störf í desember síðastliðnum hafa orðið miklar breytingar á íslensku samfélagi, þar með talið á starfsumhverfi sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra. Efnahagsástand þjóðarinnar býður uppá áframhaldandi breytingar og ný ríkisstjórn hefur boðað breyttar áherslur á mörgum sviðum, þ.m.t. í byggðamálum.

Starfshópurinn tekur undir með ríkisstjórn Íslands að til að ná sem bestum árangri sé þörf á að samræma opinberar áætlanir og stefnur. Á vegum forsætisráðuneytis er stýrihópur nýtekinn til starfa sem hefur það hlutverk að vinna sóknaráætlun fyrir alla landshluta til eflingar atvinnulífs og lífsgæða til framtíðar og samþætta áætlanir tengdar byggðamálum.<sup>22</sup> Gerð þeirrar áætlunar og mótun nýrrar atvinnustefnu eru meðal forgangsverkefna ríkisstjórnarinnar. Hlutverk starfshópsins sem hér lýkur störfum hefur þannig snertiflöt við hlutverk stýrihóps forsætisráðherra.

Eins og fram kemur í inngangi þessarar greinargerðar lagði starfshópurinn áherslu á samráð við landshlutasamtökin. Á fundi hópsins með formönnum þeirra og framkvæmdastjórum þann 18. júní sl. voru tillögur hópsins kynntar og kom fram skýr vilji landshlutasamtakana til að taka virkan þátt í byggðaðróun og skoða af fullri alvöru þá leið sem hér er lögð til. Starfshópurinn telur að tillögurnar samræmist vel stefnu ríkisstjórnarinnar og geti verið gott innlegg í störf stýrihóps forsætisráðuneytisins.

Hópurinn er sammála um að landshlutasamtök sveitarfélaga séu best til þess fallin að taka að sér einskona samþættingarhlutverk, hvert á sínu svæði. Rökin fyrir því eru margvísleg. Í fyrsta lagi eru þau reiðubúin til að axla aukin verkefni og aukna ábyrgð. Í öðru lagi byggir þetta samstarfsform sveitarfélaganna á áratugalangri hefð og eru stjórnir þeirra skipaðar kjörnum fulltrúum aðildarsveitarfélaganna. Í þriðja lagi búa þau yfir mikilli þekkingu og reynslu af þróun sinna svæða og eru í flestum tilfellum þegar í góðum tengslum við hagsmunaaðila, auk þess sem þau hafa haft samstarf sín á milli þegar þurfa þykir. Í fjórða lagi hafa samtökin almennt talsverða aðlögunarhæfni. Þau hafa frá upphafi breyst og þróast eftir því sem verkefni þeirra hafa kveðið á um og munu að öllum líkindum gera það áfram.

### Samþætting

Mikilvægt er að efla byggðaðróun í landinu. Liður í því er að samþætta opinberar áætlanir og aðgerðir/stefnu stjórnvalda í byggðamálum og tengja þær betur við svæðisbundið samstarf sveitarfélaganna. Þetta er mikilvægt til að ná tilætluðum árangri, til að nýta betur fjármuni og til að fyrirbyggja óþarfa ágreining. Áhersla er lögð á að byggðamál, sveitarstjórnarmál og samgöngumál heyri undir eitt og sama ráðuneytið.

### Samþættingarstjórn

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um samþættingu áætlana þykir ástæða til að skoða hvort skipa eigi sérstaka samþættingarstjórn sem hafi umboð til að beina tilmælum til stjórnvalda sem fara með stefnumótun og áætlanagerð. Hlutverk hennar verði að skoða alla stefnumótun á vinnslustigi og meta samþættingartækifæri. Á grundvelli greiningar á svæða- og byggðaðróun verði unnin samþættingaráætlun fyrir landið í heild, sem og hvert svæði fyrir sig. Eðlilegt þykir að forsætisráðherra skipi samþættingarstjórnina og í henni sætu meðal annars verkefnisstjórar helstu áætlana er snerta byggðamál.

<sup>22</sup> Sjá <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/3763>.



Þær áætlanir og stefnumótanir sem helst um ræðir í þessu tilliti eru samgönguáætlun, byggða-áætlun, fjarskiptaáætlun, áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins og skipulagsáætlanir. Þá eru ótaldar ýmsar aðrar áætlanir sem geta verið þýðingamiklar í þessu samhengi, svo sem áætlanir á sviði heilbrigðis- og félagsmála, fjárlög ríkisins og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

### **Landsvæði**

Íslandi er skipt upp í mörg og mismunandi umdæmi eftir verkefnum og er lítið samræmi í þeirri skiptingu. Til þess að samþætting opinberra áætlana og stefnumótunar nái fram að ganga er mikilvægt að svæðaskilgreining sé eins samræmd og kostur er. Svæði þurfa að vera menningarlegar, félagslegar og atvinnulegar heildir gagnvart íbúunum og stefnumörkun ríkisins þarf að taka mið af þeim. Hér eru ekki lagðar til breytingar á núverandi svæðaskiptingu landshlutasamtakanna, en bent er á að sóknaráætlanahópur forsætisráðuneytisins hefur svæðaskiptingu landsins meðal annars til skoðunar.

### **Landshlutasamtök sveitarfélaga**

Landshlutasamtök sveitarfélaga eru mikilvægur vettvangur fyrir samstarf sveitarfélaga og efla þarf aðkomu þeirra að byggðamálum. Lagt er til að samtökunum verði falið það hlutverk að vera tengiliður við samþættingarstjórn annars vegar og við hagsmunaaðila á sínu svæði hins vegar. Með hagsmunaaðilum er meðal annars átt við aðra opinbera stjórnsýslu á svæðinu, atvinnulífið og menntastofnanir. Jafnframt verði samtökunum fengið það hlutverk að vinna sóknaráætlun fyrir sitt svæði, að greina styrkleika og veikleika svæðisins, greina þörf fyrir samþættingu og tryggja að svæðisbundnar áætlanir komist til skila inn í áætlanir á landsvísu. Með þessu yrðu landshlutasamtökin einhverskonar „regnhlíf“ fyrir hagsmunaaðila og þungamiðjan í byggðaðróun, hvert á sínu svæði.

#### *Greining á svæða- og byggðaðróun*

Lagt er til að sú greiningarvinna sem í dag heyrir undir þróunarsvið Byggðastofnunar verði færð til landshlutasamtakanna. Á hverju ári verði gerð greining á eftirtöldum þáttum:

- byggða- og búsetuþróun,
- atvinnulíf og horfur,
- félagsleg gæði og forsendur þeirra,
- innviðum (samgöngur, vegir, fjarskipti),
- stjórnsýslu og skipulagi,
- hugsanlega fleiri þættir.

Tryggja þarf að allar opinberar stefnumótanir og áætlanir sem hafa snertiflöt við byggðaðróun taki mið af greiningu á svæða- og byggðaðróun, tilmælum frá samþættingarstjórn og viðhorfum frá landshlutasamtökunum. Þá verði þeim send til umsagnar drög að áætlunum og stefnumótunum.

#### *Önnur verkefni landshlutasamtaka*

Til að efla landshlutasamtökin enn frekar er lagt til að skoðað verði hvort þeim verði falin verkefni á sviði alþjóðlegs samstarfs og skipulagsmála. Aðildarsveitarfélögum landshlutasamtakanna verði eftir sem áður frjálst að fela þeim þau verkefni sem þau kjósa á hverjum tíma.

Hvað alþjóðlegt samstarf varðar er fyrst og fremst mikilvægt að líta til byggðastefnu Evrópu-sambandsins en þar felast fjölmörg vannýtt tækifæri. Alþingi hefur samþykkt að fara í aðildarviðræður við ESB og er lagt til að landshlutasamtökum verði falið svipað hlutverk og

finnsku héraðsráðunum hvað varðar alþjóðlegt samstarf. Mikilvægt er fyrir landshlutasamtökin að hefja þegar í stað samstarf sín á milli. Þá þarf að leggja mat á hvort óska eigi eftir því að Ísland verði eitt eða tvö NUTS II svæði.

Lagt er til að skoðað verði að fela landshlutasamtökunum samþættingarhlutverk hvað varðar svæðisskipulag, hvort heldur sem það yrði lögbundið eða samningsbundið. Nái fyrirhuguð landsskipulagsstefna ríkisstjórnarinnar fram að ganga er mikilvægt að finna flöt á samráði við sveitarfélögin og að stefnan verði mótuð í samráði við þau. Þar gætu landshlutasamtökin gegnt miklu hlutverki. Þau gætu jafnframt gegnt stóru hlutverki hvað varðar svæðisskipulag. Svæðisskipulagið gæti svo „flætt“ út í landsskipulagsstefnuna. Ef af verður þyrfti að ákveða hvort starfssvæði landshlutasamtaka væri skipt upp í minni svæðisskipulagssvæði og þá hversu mörg.

### **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er mikilvægur fyrir starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga. Lagt er til að framlög úr sjóðnum breytist þannig að í stað þess að úthluta til þeirra 2% af bundnum framlögum frá ríkinu í sjóðinn, eins og þau eru skilgreind í 4. gr. reglugerðar nr. 113/2003, miðist þau við grunnframlag til rekstrar skrifstofu og að tillit verði tekið til mismunandi ferðakostnaðar. Þá verði landshlutasamtökunum gert skylt að skila starfsáætlun og endurskoðuðum ársreikningum, ásamt ársskýrslu, til Jöfnunarsjóðsins. Gangi ofangreindar tillögur eftir þannig að landshlutasamtökunum verði falin formleg verkefni þarf að skoða fjármögnun þess.

## Fylgiskjal. Markmið og verkefni landshlutasamtaka

Upplýsingar eru fengnar frá landshlutasamtökunum. Upplýsingar um íbúafjölda eru frá Hagstofunni og er miðað við 1. desember 2008.

### Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV)

SSV hafa verið starfrækt frá árinu 1969. Íbúarnir á svæðinu eru 15.720 og aðildarsveitarfélögin eru tíu. Fjöldi starfsmanna er 8 í alls 6,5 stöðugildum.

Markmið samtakanna er m.a. að:

- vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Vesturlandi, einkum í atvinnu-, efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu- og félagsmálum.
- efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að víðtækari þekkingu sveitarstjórnarmanna.
- efla samkennd íbúa og styrkja stöðu landshlutans.

Helstu verkefni SSV eru:

- Rekstur á Atvinnuráðgjöf Vesturlands.
- Sorpurðun Vesturlands (fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna)
- Rekstur samgöngunefndar SSV sem leggur línurnar ár hvert fyrir ályktanir aðalfundar og hefur samráð við þingmenn.
- Skipulag við miðlun fræðslu til sveitarfélaga og atvinnulífs.
- Fagleg ráðgjöf til sveitarfélaga og atvinnulífs.
- Undirbúningur fyrir stofnun að Símenntunarmiðstöð Vesturlands og samstarf um rekstur. Stefnumótun og samningar.
- Undirbúningur fyrir stofnun Menningarsamnings Vesturlands og samstarf um rekstur. Stefnumótun og samningar.
- Undirbúningur fyrir stofnun Markaðsstofu Vesturlands og samstarf um rekstur. Viðskiptaáætlun.
- Undirbúningshópur vinnur að endurnýjun Vaxtarsamnings fyrir Vesturland en fyrsta stefnumótun að Vaxtarsamningi var unnin hjá SSV.
- Undirbúningshópur vinnur að söfnun upplýsinga varðandi flutnings málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.
- Úttektir/greiningarvinna á verkefnum sem varða hagsmuni Vesturlands og má þar nefna skýrslu um staðbundin efnahagsleg áhrif 30% kvótaskerðingar á einstök sveitarfélög sem unnin var í kjölfar niðurskurðar aflaheimilda.
- Úttektir á ýmsu málefnum. Gefnir eru út skýrslur undir nafni Hagvísar Vesturlands. Nýjasti hagvísirinn er Staða ferðapjónustunnar á Vesturlandi (sjá [www.ssv.is](http://www.ssv.is)).

Meðal annarra verkefna SSV má nefna:

- Verkefnisstjóri Vaxtarsamnings Vesturlands og menningarfulltrúi Vesturlands eru staðsettir á skrifstofu SSV og er gott samstarf þar á milli. Tengslin milli atvinnuráðgjafar, menningarfulltrúa og verkefnisstjóra Vaxtarsamnings eru mjög mikilvæg.
- Unnið er að úttekt á vegstytingum m.t.t. arðsemismats á samgöngum.
- Styðja við sprotafyrirtæki á svæðinu en þau tengjast háskólum og ríki.
- Styðja við menntastofnanir á Vesturlandi, en ráðgjafi frá SSV hefur starfað með undirbúningshópum að nýjum menntaskólum sem stofnaðir hafa verið í Grundarfirði og Borgarnesi.
- Starfsemi Atvinnuráðgjafar er hluti af stoðkerfi hins opinbera.

- Undirbúningur að stofnun Vesturlandsstofu.
- Undirbúningur að stofnun Sjávarranssóknarsetursins Vör í Snæfellsbæ.
- Könnun á tækifærum í því að skilgreina Vesturlands/„landsbyggðina“ sem „svæði í Evrópu“.
- Þátttaka ásamt öðrum landshlutasamtökum í „Open Days“ í Brussel árin 2007 og 2008.
- Aðkoma að stofnun Áttthagaseturs í Snæfellsbæ.
- Aðkoma að skoðum á hagnýtingu straumvatnsrafala, með áherslu á Breiðafjörð.
- Mat áhrifa efnahagshrunsins á sveitarfélög á Vesturlandi
- Markvissar aðgerðir til að örva nýsköpun.
- Margvíslegar aðgerðir til að örva svæðisbundið og á landshlutavísu samstarf innan atvinnugreina og milli atvinnugreina.

### **Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)**

Fjórðungssambandið var stofnað árið 1949 með aðild sýslu- og sveitarfélaga. Árið 1970 var sambandinu breytt í samtök sveitarfélaga. Íbúar á Vestfirðum eru 7.374 og aðildarsveitarfélögin eru tíu. Á tímabilinu 2003-2008 annaðist Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf rekstur FV. Tvær sjálfstæðar stjórnir voru en einn og sami framkvæmdastjórinn. Horfið var til fyrra fyrirkomulags í upphafi árs 2008 með það að leiðarljósi að skerpa á áherslum hvors um sig. FV einbeitir sér að samfélagslegum málum og uppbyggingu innviða en Atvinnuþróunarfélagið einblínir á atvinnulífið. Lögð er áhersla á að halda nánú samstarfi þarna á milli. Eitt stöðugildi er hjá FV. FV leigir húsnæði af Háskólasetri Vestfjarða og á aðild að sameiginlegum rekstri húsnæðis og afgreiðslu ásamt fjölda stofnana, auk þess er bókhaldsþjónusta aðkeypt.

Markmið FV er m.a. að:

- Vinna að hagsmunum sveitarfélaganna og kjördæmisins alls.
- Efla samvinnu sveitarfélaga og kynningu sveitarstjórnarmanna.
- Vinna að verkefnum sem aðildarsveitarfélög eða löggjafinn kunna að fela því, til styrkingar byggðar og mannlífs í kjördæminu, atvinnu-, félags- og menningarlega.

Helstu verkefni FV eru:

- Rekstur skrifstofu FV.
- Samstarf um rekstur Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.
- Samstarf um rekstur Markaðsstofu Vestfjarða.

Meðal annarra verkefna FV má nefna:

- Endurskoðun á samgönguáætlun Vestfjarða. Vegamál, fjarskiptamál, flugmál og hafnir.
- Staðarval á Vestfirðum fyrir hafnsækin stóriðnað.
- Undirbúningur að gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði með áherslu á haf og Strandsvæðaskipulag.
- Stefnumörkun og eftirfylgni með aðgerðaáætlunum stjórnvalda;
  - Nefnd forsætisráðuneytis um eflingu atvinnulífs á Vestfirðum (Vestfj.nefnd)
  - Mótvægisáðgerðir vegna þorskaflasamdráttar.
- Orkumál; flutningskerfi raforku og raforkuframleiðsla.
- Evrópusamstarf, Open days, 6-9 október 2008 og RenRen .
- Undirbúningur að stofnun Menningarráðs Vestfjarða.

- Starfshópur um samræmingu stefnu sveitarfélaga í veiðum á ref og mink.
- Greining á hagtölum og efnahagslegu vægi Vestfjarða.
- Umsagnir um þingmál og reglugerðir stjórnvalda.

### **Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV)**

SSNV var stofnað árið 1992 þegar Fjórðungssamband Norðlendinga var lagt niður en til þess hafði verið stofnað árið 1945. Fjöldi starfsmanna er alls 8 í 7,33 stöðugildum. Þá er ótalin aðkeypt bókhaldsþjónusta (um hálf stöðugildi). Sveitarfélögum á starfssvæðinu hefur fækkað mikið á undanförunum árum. Í dag eru þau sjö en voru 30 árið 1992. Íbúarnir eru 7.395.

Markmið SSNV er að:

- Vinna að hagsmunamálum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.
- Efla samvinnu sveitarfélaga og auka kynningu sveitarstjórnarmanna.
- Vinna að hverjum þeim verkefnum sem aðildarsveitarfélög eða löggjafinn kunna að fela þeim.
- Styrkja stöðu aðildarsveitarfélaganna á landsvísu.
- Stuðla að eflingu atvinnulífs á Norðurlandi vestra.

Helstu verkefni SSNV eru:

- SSNV eru pólitískur samráð- og hagsmunagæsluvettvangur aðildarsveitarfélaganna.
- SSNV atvinnuþróun. Árið 2005 var Atvinnuþróunarfélag Norðurlands vestra gert að sérstakri einingu undir SSNV. Starfsemin er að langstærstum hluta fjármögnuð með sérstökum samningi við Byggðastofnun og fjárframlögum sveitarfélaganna.
- SSNV málefni fatlaðra. Frá árinu 1999 hefur SSNV hýst og rekið þjónustusamning um byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Starf verkefnisstjóra er fjármagnað af þjónustusamningnum.
- Þjónustuskrifstofa. SSNV sinnir fjármálaumsýslu fyrir samstarfsverkefni aðildarsveitarfélaganna, menningarsamningi og Heilbrigðiseftirlitsins. Þá er umsýsla Vaxtarsamnings Norðurlands vestra í höndum þjónustuskrifstofu.

Framkvæmdastjóri SSNV er framkvæmdastjóri er yfir öllum þessum verkefnum.

Meðal annarra verkefna SSNV má nefna:

- Undirbúningur við gerð Vaxtarsamnings Norðurlands vestra:
  - Þátttaka í gerð undirbúningskýrslu um atvinnulíf og samfélag á Norðurlandi vestra
  - Vinna við gerð rammamnings (tók u.þ.b eitt ár vegna breytinga á forsendum og nýrri hugamyndafræði).
- Undirbúningur við gerð menningarsamnings Norðurlands vestra:
  - Gerð stefnumótunar í menningarmálum
  - Samningar við menntamálaráðuneytið um gerð menningarsamnings
  - Stofnun og rekstur menningarráðs Norðurlands vestra
  - Undirbúningur að endurnýjun menningarsamnings í samstarfi við menningarráð Norðurlands vestra.
- Þjónustusamningur við félagsmálaráðuneytið um málefni fatlaðra:
  - Undirbúningsvinna og samningaviðræður.
- Evrópuverkefni. Open days 2008 ásamt SSV og FV. Vinna er í gangi vegna frekari verkefna og samstarfs á þeim vettvangi.

- Nefnd á vegum forsætisráðuneytisins um eflingu atvinnulífs og samfélags á Norðurlandi vestra.
- Starfshópur um samstarfsverkefni heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra.
- Starfshópur um endurskoðun á samstarfi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.
- Greining á áhrifum aflaniðurskurðar í þorski á sveitarfélög á Norðurlandi vestra:
  - Vinna við tillögur að mótvægisáðgerðum vegna niðurskuðarins var í höndum SSNV atvinnuþróunar.

### **Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum (Eyþing)**

Líkt og SSNV var Eyþing stofnað árið 1992 eftir að Fjórðungssamband Norðlendinga var langt niður. Aðildarsveitarfélögin eru 15 og íbúarnir 29.060. Tveir starfsmenn starfa hjá Eyþingi í jafn mörgum stöðugildum.

Markmið Eyþings er að:

- Vera pólitískur samráðsvettvangur sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.
- Vinna að sameiginlegum hagsmunamálum og verkefnum.
- Efla samvinu sveitarfélaga í landshlutanum, styrkja byggð og mannlíf í landshlutanum öllum; atvinnu-, félags- og menningarlega.

Helstu verkefni Eyþings eru:

- Almenningsangöngur á svæði Eyþings.
- Byggðaáætlun – undirbúningur nýrrar áætlunar og eftirfylgni.
- Lausnir í úrgangsstjórnun á Norður- og Austurlandi – verkefni í samstarfi við SSA.
- Samgöngumál – samgönguáætlun. Áherslur svæðisins.
- Endurnýjun menningarsamnings.
- Samstarf við þingmenn kjördæmisins um ýmis mál.
- Margvísleg smærri verkefni, s.s. fundir og málþing í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga.

Meðal annarra verkefna Eyþings má nefna:

- Fjölmenningarstefna Eyþings.
- Undirbúningur að stofnun Menningarráðs Eyþings.
- Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn. Meðal annars hefur Eyþing í tvígang staðið fyrir þriggja missera stjórnunarnámi í samstarfi við HA.
- Heilbrigðisnefnd Eyþings. Nefndin hefur beitt sér fyrir ýmsum verkefnum í heilbrigðismálum á svæðinu.
- Nýting orkuauðlinda svæðisins (orkufrekur iðnaður, þjónusta vegna olíuleitar á Dreka-svæðinu).

Nýtt verkefni sem til stendur að Eyþing taki yfir:

- Fjallskil. Áform eru um að Eyþing haldi utan um stjórnslu fjallskilamála (fjallskilaskilamála) í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, en samningur gerður við búnaðarsamtök svæðisins (ráðunauta) um faglega vinnu vegna fjallskilamála.

### **Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)**

SSA voru stofnuð árið 1966. Í dag eru aðildarsveitarfélög átta og íbúarnir eru 10.772. Einn starfsmaður í fullu stöðugildi sinnir verkefnum sambandsins.

Markmið SSA er að:

- Vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Austurlandi, einkum í atvinnu,- efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu- og félagsmálum.
- Berjast fyrir auknum jöfnuði til búsetu milli landshluta svo sem hvað varðar orkuverð, vöruverð, aðstöðu til náms, aðgang að heilbrigðisþjónustu og menningarstarfsemi.
- Stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna og vinna að því að gera verkefni sveitarstjórna eftirsóknar- og áhugaverð.
- Hafa forgöngu um byggðapróunarverkefni í fjórðungnum t.d. í nánun samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Austurlands.

Helstu verkefni SSA eru:

- Verkefni Héraðsnefndar Múlasýslna.
- Eftirlit með samþykktum aðalfundar SSA.

Meðal annarra verkefna SSA má nefna:

- Samstarfssamningur SSA og Þróunarfélags Austurlands.
- Stefnumótun fyrir sveitarfélög á Austurlandi í innflytjendamálum (2ja ára verkefni sem lýkur 2009).
- Lausnir og meðferð á úrvinnslu úrgangs á Austurlandi.
- Vaxtarsamningur Austurlands (framkvæmdastjóri situr í verkefnisstjórn og stjórnarmaður SSA er formaður verkefnisstjórnar).
- Menningarsamningur Austurlands og ríkisins. Umsjón og eftirfylgd við endurnýjun samninga.
- Þekkingarnet Austurlands. Framkvæmdastjóri er formaður stjórnar ÞNA
- Stefnumótun sveitarfélaganna í innflytjendamálum.
- Verkefnið: Úrgangsstjórnun í landshlutanum.
- Samgöngumannvirki á Austurlandi: Austurland sem Samgöngumiðstöð.
- Byggðaaætlun 2010-2013. Tillögur frá SSA.
- Austurlandsáætlun 2010-2020 (er á byrjunarstig).
- Samstarfsamningur sveitarfélaga og ríkisins í menningarmálum.
- Samgöngumál í landshlutanum og samgönguáætlanir stjórnvalda .
- Fjallskilareglugerð Múlasýslna.
- Stefnumörkun og eftirfylgni með aðgerðaráætlun stjórnvalda:
  - Nefnd forsætisráðherra um eflingu atvinnulífs á Austurlandi (NAN nefndin)
  - Með sveitarfélögum og ÞNA mótvægisáðgerðir v/ þorskaflsamdráttar.
- Starfshópur SSA : Endurskoðun á samstarfi sveitarfélaga í SSA og svæða samvinna sveitarfélaga (skila sept. 2009).
- Unnið með athugasemdir við drög að skipulagslögum og fl.

### **Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)**

SASS voru stofnuð árið 1969. Aðildarsveitarfélögin eru 15 og íbúarnir 26.286. Fjöldi starfsmanna er 5 í alls 4,5 stöðugildum. Starfsmennirnir, fyrir utan framkvæmdastjóra, sinna jafnframt störfum fyrir samstarfsstofnanir í sama húsnæði.

Markmið SASS er að:

- Vinna að hagsmunamálum íbúa aðildarsveitarfélaganna.
- Vera samráðsvettvangur aðildarsveitarfélaganna.

- Gæta hagsmuna aðildarsveitarfélaganna á innlendum sem erlendum vettvangi.
- Vera aðildarsveitarfélögunum til ráðgjafar um málefni sveitarfélaga.
- Styðja starf annarra byggðasamlaga aðildarsveitarfélaganna í samræmi við óskir stjórnar þeirra hverju sinni.

Helstu verkefni SASS eru:

- *Rekstur skrifstofu.* Samtökin reka og eru ábyrg fyrir sameiginlegri skrifstofu með Atvinnuþróunarfélaginu, Heilbrigðiseftirlitinu, Sorpstöðinni og Skólaskrifstofunni. Skrifstofan annast einnig þjónustu fyrir Fræðslunet Suðurlands og Háskólafélag Suðurlands.
- *Menningarráð Suðurlands.* Samtökin gerðu menningarsamning árið 2007 við menntamálaráðuneytið og samgönguráðuneytið. Ráðinn var menningarfulltrúi sem ásamt menningarráði (sem kosið er á aðalfundi SASS) sér um framkvæmd samningsins.
- *ART verkefni.* Árið 2005 var gerður samningur við menntamálaráðuneyti og Velferðar-sjóð íslenskra barna um rekstur Gaulverjaskóla en þar fór fram skóla- og meðferðarstarf fyrir börn með tilfinninga- hegðunar- og geðraskanir. Fyrir einu ári var starfseminni hætt þar og fer starfið nú fram úti í skólum um allt Suðurland. Skólaskrifstofa Suðurlands fer með yfirstjórn verkefnisins í umboði SASS. Meðferðarteymið samanstendur af þremur sérfræðingum í 2,5 stöðugildum.

Meðal annarra verkefna SASS má nefna:

- *Fastanefndir.* Á vegum SASS starfa fjóra fastanefndir á milli aðalfunda, þ.e. samgöngunefnd, velferðarmálanefnd, menntanefnd og fjárhagsnefnd. Atvinnumálanefnd var starfandi til ársins 2008 en nú hefur atvinnuþróunarfélagið yfirtekið starfsemi hennar.
- *Málþing/ráðstefnur/fundir.* Samtökin hafa árlega staðið fyrir málþingum um ákveðin efni. Þar má nefna málþing um málefni innflytjenda, um málefni grunnskólans og um atvinnumál á Suðurlandi. Auk þess hafa samtökin staðið að fjölda kynningarfundu á svæðinu um margvísleg efni með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og ýmsum ríkisstofnunum.
- *Aðild að verkefnum/stofnunum.* Samtökin eiga aðild að ýmsum verkefnum. Þau eru m.a. aðili að vaxtarsamningi Suðurlands, Fræðsluneti Suðurlands og Háskólafélagi Suðurlands og nú síðast Starfsendurhæfingu Suðurlands.
- *Samskipti við löggjafarvald og framkvæmdavald/hagsmunagæsla.* Samtökin hafa margvísleg samskipti við þingmenn kjördæmis. Haldnir eru sameiginlegir fundir stjórnar SASS og þingmanna einu sinn til tvisvar á hverju ári og auk þess hafa samtökin séð um skipulagningu svokallaðra kjördæmaviku þingmanna. Umsagnir um þingmál eru fastir liðir á stjórnarfundum og þeim getur fylgt töluverð vinna. Fundir með ráðuneytum og ráðherrum sem tengjast tilteknum málum s.s. samgöngumálum eru ófáir. Á þessu ári hefur svo dæmi sé tekið mikil vinna farið fram vegna stöðu heilbrigðismála á svæðinu vegna aðgerða stjórnvalda.

## **Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS)**

Samtök sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi voru stofnuð árið 1964 og var gamla Reykjaneskjördæmið starfsvettvangur þeirra. Þeim samtökum var skipt upp og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum var stofnað árið 1978, en frá árinu 1971 hafði verið starfandi formleg samstarfsnefnd sveitarfélaga á svæðinu. Aðildarsveitarfélög SSS eru fimm talsins og íbúar svæðisins eru 21.564. Stöðugildi á skrifstofu SSS eru fimm. Þá er framkvæmdastjórinn einnig



framkvæmdastjóri Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. þar sem starfa um 20 manns. Alls eru um 60 manns á launaskrá hjá fyrirtækjum sem skrifstofa SSS sér um.

Markmið SSS er að:

- Vinna að hagsmunamálum sveitarfélagana og efla og styrkja samstarf þeirra.
- Koma fram fyrir hönd sveitarfélaganna í sameiginlegum málum gagnvart ríkisvaldinu og öðrum.
- Reka sameiginlega skrifstofu til að þjóna ýmsum samstarfsverkefnum.

Helstu verkefni SSS eru:

- Annast samræmingu á fjárhags- og framkvæmdaáætlun sameiginlega rekinna fyrirtækja og stofnana.
- Skrifstofa SSS annast um fjármál, bókhald og ýmsa þjónustu fyrir samreknar stofnanir sveitarfélaganna á Suðurnesjum, þ.á.m.:
  - Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. (1978). Rekstur sorphirðu, gámaplana og brennslustöðvar
  - Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (1975)
  - Brunavarnir Suðurnesja (1973)
  - Almannavarnarnefnd Suðurnesja
  - Héraðsnefnd Suðurnesja
  - Menningarráð Suðurnesja (samningur við mennta- og samgönguráðuneyti)
  - Fleiri samstarfsverkefni og vinna fyrir nefndir á þeirra vegum.
  - Atvinnumál/þróun/ráðgjöf (samningur við Byggðastofnun)
  - Samgöngumál (samskipti við stjórnvöld og forgangsröðun í samgöngumálum)
  - Almenningsamgöngur. SSS fékk sérleyfið um Suðurnes í ársbyrjun 2009 og unnið er að heilstæðu almenningsamgöngukerfi um Suðurnes og til og frá höfuðborgarsvæðinu.
  - Svæðisskipulag Suðurnesja 1987-2007 (nú er unnið að endurskoðun á því)
  - Fjármögnun sameiginlegra verkefna (viðbygging Fjölbrautaskóla Suðurnesja)
  - Fjárstuðningur og/eða samningar við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
  - Proskahjálp á Suðurnesjum og Björgina (athvarf fyrir geðfatlaða).

### **Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH)**

SSH voru stofnuð árið 1976 og eru langfjölmennustu landshlutasamtökin, með 201.585 íbúa í átta aðildarsveitarfélögum. Með stofnun SSH varð Reykjavík fyrst aðili að landshlutasamtökum og áður höfðu hin sveitarfélögin starfað í Samtökum sveitarfélaga í Reykjanes-umdæmi. Einn starfsmaður vinnur fyrir samtökin í fullu stöðugildi. Að auki hefur SSH greiðan aðgang að starfsmönnum aðildarsveitarfélaganna þegar á þarf að halda. Bókhaldið er fært af verktaka.

Markmið SSH er að:

- Vinna að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna.
- Efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að auknum samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaganna.

Helstu verkefni SSH eru:

- Formlegur samráðsvettvangur framkvæmdastjóra aðildarsveitarfélaganna.
- Samráðsvettvangur um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins er að hluta til vistað hjá SSH. Starfandi er samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og um hana gilda sérstakar starfsreglur sem hlotið hafa staðfestingu ráðuneytis sbr. ákvæði skipulags- og byggingamála. Framkvæmdastjóri SSH starfar með nefndinni og annast utanumhald um málefni sem hún fjallar um.
- Viðhald fjárheldrar girðingar um höfuðborgarsvæðið.
- Vatnsverndarmál.

Meðal annarra verkefna SSH má nefna:

- Aðgerðir til fækkunar vargfugls í þéttbýli.
- Samstarf aðildarsveitarfélaganna í kjölfar bankahrunsins í október sl. um samræmd viðbrögð þeirra og úrræði til að mæta aðsteðjandi vanda, mótun samræmdra aðgerða og viðhorfs.
- Úrlausnarefni tengd rekstri byggðarsamlaganna sem sveitarfélögin reka sameiginlega, nýjasta dæmi þar er mótun aðgerða til að leysa úr fjárhagsvanda Strætó bs. og skapa því fyrirtæki rekstrargrundvöll til frambúðar.
- Samstarf um aðkomu sveitarfélaganna að rekstri Fjölsmiðjunnar, m.a. með þátttöku í úrlausn á húsnæðismálum fyrir starfsemina.
- Reglubundin umfjöllun og stefnumótun varðandi sameiginlegan rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins
- Mótun samstarfssamnings milli sveitarfélaganna og ríkisins um lengda viðveru í skólum fyrir fatlaða einstaklinga á aldrinum 16 – 20 ára.